



ÁRSSKÝRSLA

SEÐLABANKA ÍSLANDS



2025 |

Merking tákna:

- * Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

Á forsiðu er teikning sem sýnir Seðlabanka Íslands. Hún er byggð á grunnteikningum Sóleyjar Bartsch og Atla Sigursveinssonar fyrir bankann.

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, 569 9600, sedlabanki@sedlabanki.is, www.sedlabanki.is

ISSN 2772-0837

Efnisyfirlit

I	Markmið og stefna	5
	Stöðugt verðlag	5
	Fjármálastöðugleiki	5
	Traust og örugg fjármálastarfsemi	6
II	Stefnan í peningamálum	7
	Verðbólga, vextir og gengi á árinu 2025	7
	Peningastefnunefnd	9
	Ákvarðanir peningastefnunefndar 2025	10
III	Fjármálastöðugleiki	11
	Staða fjármálastöðugleika	11
	Viðnámsþróttur í greiðslumiðlun	13
	Skilavald	13
	Fjármálastöðugleikanefnd	14
	Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar 2025	14
IV	Fjármálaeftirlit	16
	Fjármálaeftirlitsnefnd	16
	Eftirlit með fjármálafyrirtækjum, rafeyrisfyrirtækjum og greiðslustofnunum	16
	Eftirlit með váttryggingastarfsemi	17
	Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar	18
	Eftirlit með verðbréfamarkaði	18
	Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda	18
	Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða	18
	Eftirlit með aðgerðum gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna	19
	Vettvangsathuganir	19
	Mat á hæfi, virkir eignarhlutir og starfsleyfi	19
	Viðurlagamál	20
V	Önnur viðfangsefni	21
	Gjaldeyrisforði	21
	Lánamál ríkissjóðs	22
	Alþjóðleg samskipti	24
	Reiðufé	26
	Menningarstyrkur tengdur nafni Jóhannesar Nordals	26

VI	Stjórn og skipulag	28
	Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar	28
	Bankaráð	28
	Nefndir bankans	28
	Skipulag	29
	Verkefni sviða	29
	Innra eftirlit og áhættustýring	31
	Framkvæmdir og endurbætur	32
	Seðlabankastjóri, varaseðlabankastjórar, bankaráð og framkvæmdastjórar Seðlabanka Íslands 31. desember 2025	32
VII	Sjálfbærni	34
	Umhverfismál	34
	Félagslegir þættir og stjórnarhættir	34
	Samstarf bankans í loftslagsmálum	35
VIII	Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands	37
	Afkomuhorfur og eiginfjármarkmið	38
IX	Ársreikningur 2025	39
	Áritun óháðs endurskoðanda	41
	Staðfesting ársreiknings Seðlabanka Íslands	43
	Rekstrarreikningur 2025	44
	Efnahagsreikningur 31. desember 2025	45
	Eiginfjáryfirlit	47
	Sjóðstreymisyfirlit	48
	Skýringar	49
X	Viðaukar	79
	Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2025	79
	Ritaskrá Seðlabanka Íslands árið 2025	80
	Sjálfbærniuppgjör Seðlabanka Íslands	81
XI	Tölur	91
	Tafla 1 Vextir við Seðlabanka Íslands	91
	Tafla 2 Vísitölur meðalgengis og raungengis krónunnar	92
	Tafla 3 Yfirlit yfir útgefið reiðufé Seðlabanka Íslands í árslok	93
	Tafla 4 Bindiskylduhlutföll (%)	93
	Tafla 5 Helstu vextir sem birtir hafa verið samkvæmt 2. mgr. 10. gr. og bráðabirgðaákvæði III laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu (%)	94
	Tafla 6 Dæmi um árlegt meðaltal vaxta nokkurra útlána innlánsstofnana og dráttarvaxta (%)	94
	Tafla 7 Fjöldi aðila undir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands	95
	Tafla 8 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	96
	Tafla 9 Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands	97

Markmið og stefna



Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra. Lög um Seðlabankann, nr. 92/2019, kveða svo á að hann skuli stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Seðlabankinn fer jafnframt með öll verkefni sem fjármálaeftirlitinu eru falin í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Fjármála- og efnahagsráðuneyti fer jafnframt með málefni sem varða fjármálastöðugleika og fjármálamarkaði.

Í lögnum um Seðlabankann segir enn fremur að hann skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn markmiðum bankans.

Stöðugt verðlag

Seðlabankanum er heimilt með samþykki ráðherra að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans frá 27. mars 2001 segir að Seðlabankinn muni stefna að því að árleg verðbólga, reiknuð sem hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%.¹

Stjórnþæki Seðlabankans í peningamálum eru vextir bankans, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavarlán, bindiskylda, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf sem ætlað er að stuðla að því að markmiðum bankans um stöðugt verðlag verði náð.

Fimm manna peningastefnunefnd tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum. Nefndin setur sér stefnu í peningamálum sem birt er opinberlega. Í nefndinni sitja seðlabankastjóri sem er formaður, varaseðlabankastjórar peningastefnu og fjármálastöðugleika og tveir utanaðkomandi sérfræðingar skipaðir af forsætisráðherra.

Peningastefnunefnd fundar að minnsta kosti sex sinnum á ári og gefur út yfirlýsingu um ákvarðanir sínar í lok fundar. Fundargerð er birt tveimur vikum eftir fund.

Fjármálastöðugleiki

Í fjármálastöðugleika felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Sjö manna fjármálastöðugleikanefnd tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Nefndinni er falið að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, skilgreina nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja fjármálastöðugleika og að ákveða hvaða aðilar, innviðir eða markaðir teljist kerfislega mikilvægir. Fjármálastöðugleikanefnd getur beint ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til um nauðsynlegar aðgerðir til að efla og varðveita fjármálastöðugleika. Í fjármálastöðugleikanefnd sitja seðlabankastjóri, sem er formaður, varaseðlabankastjórnir þrír og þrír utanaðkomandi sérfræðingar skipaðir af fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytisstjóri eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika skal eiga sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

1. Yfirlýsingin var birt í *Peningamálum* 2001/2 og á heimasíðu bankans. Lítills háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.

Fjármálastöðugleikanefnd fundar að minnsta kosti fjórum sinnum á ári og gefur út yfirlýsingu um ákvarðanir sínar í lok fundar. Fundargerð er birt innan mánaðar frá fundi.

Traust og örugg fjármálastarfsemi

Markmið opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi er að stuðla að því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemina. Í stefnu Seðlabanka Íslands um fjármálaeftirlit kemur fram að stuðla skuli að skilvirkum og öruggum fjármálamarkaði sem uppfyllir kröfur í lögum, reglum og viðmiðum sem um hann gilda og samræmist heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum. Tilgangurinn er að draga úr líkum á því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila leiði til tjóns fyrir almenning og að fjármálamarkaðurinn njóti trausts til að gegna þjóðhagslegu hlutverki sínu.

Fjármálaeftirlitsnefnd fjallar um og tekur ákvarðanir í samræmi við lögbundið hlutverk nefndarinnar.

Hún tekur ákvarðanir sem teljast sérstaklega þýðingarmiklar eða hafa veruleg áhrif, s.s. í fordæmisgefandi málum. Nefndin setur stefnu um beitingu stjórnsýsluviðurlaga og þvingunarúrræða og hefur aðkomu að annarri stefnumótun í fjármálaeftirliti.

Í nefndinni sitja seðlabankastjóri, sem er formaður, varaseðlabankastjórar fjármálaeftirlits og fjármálastöðugleika og þrír utanaðkomandi sérfræðingar skipaðir af fjármála- og efnahagsráðherra.

Fjármálaeftirlitsnefnd fundar eins oft og þörf er á, en að jafnaði ekki sjaldnar en sex sinnum á ári.

Í þessari skýrslu er nánari grein gerð fyrir framtíð og helstu þáttum í starfi bankans á framtíðareindum þremur meginviðum starfseminnar. Þá er greint frá varðveislu gjaldeyrisforðans, greiðslumiðlun, verkefnum á sviði lánamála ríkissjóðs, alþjóðlegum samskiptum og öðrum viðfangsefnum. Auk þess er í skýrslunni birtur ársreikningur bankans.



Bankaráð í árslok 2025. Sitjandi frá vinstri eru Gylfi Zoega, Bolli Héðinsson formaður og Guðrún Johnsen. Standandi frá vinstri eru Oddný Árnadóttir, Ólafur Ísleifsson, Arnar Bjarnason og Birgir Ármannsson.


Stefnan í peningamálum

II

Samkvæmt lögum skal Seðlabanki Íslands stuðla að stöðugu verðlagi. Í sameiginlegri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um verðbólguþrögn frá 27. mars 2001 er markmiðið um stöðugt verðlag skilgreint sem 2½% hækkun vísitölu neysluverðs á tólf mánuðum. Lögin kveða einnig á um að peningastefnunefnd Seðlabankans taki ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum til að ná markmiðinu.

Verðbólga, vextir og gengi á árinu 2025

Verðbólga var að meðaltali 4,1% á árinu 2025 samanborið við 5,9% árið 2024. Hún sveiflaðist í kringum 4% mestan hluta ársins en jókst í 4,5% undir lok þess.




Verðbólga án húsnæðis var að meðaltali 3% á árinu og minnkaði munurinn milli verðbólgu með og án húsnæðis eftir því sem leið á árið. Undirliggjandi verðbólga þróaðist með svipuðum hætti og mæld verðbólga. Hún var 4,2% í desember miðað við meðaltal ólíkra mælikvarða sem Seðlabankinn styðst við, eða áþekk því sem hún var í byrjun ársins.

Hækkun húsnæðisliðarins var einn af megindrífkröftum verðbólgu á árinu. Kostnaður vegna eigin húsnæðis hafði hækkað um 6,8% milli ára í desember samanborið við 9,6% árshækkun í byrjun ársins. Samkvæmt leiguverðsvísitölu sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) birtir hafði leiguverð í desember hækkað um 5% milli ára en í byrjun ársins mældist árshækkunin 12%. Því dró úr hækkun ólíkra mælikvarða á leiguverði á árinu.

Verðhækkun þjónustu skýrði einnig töluverðan hluta verðbólgu árið 2025. Í desember hafði verð almennrar þjónustu hækkað um 5,5% milli ára sem mátti að miklu leyti rekja til hækkunar flugfargjalda til útlanda en verðhækkunarir voru þó enn dreifðar á ólíka undirlíði þjónustu. Árshækkun á verði opinberrar þjónustu jókst í desember, einkum vegna gjaldskrárhækkana á heitu vatni, og mældist 6,7%. Þjónustuverðbólga var því áfram mikil á árinu.

Verð á matvöru hækkaði eftir því sem leið á árið en dregið hafði úr verðhækkun hennar árið áður. Árshækkun matvælavæðs var 5,1% í lok árs 2025 en var 4,2% í desember 2024. Heilt yfir voru verðhækkunarir á breiðum grunni og skýrðu þær að mestu leyti hækkun á verði innlendrar vöru sem var 5,9% hærra í desember en á sama tíma fyrir ári. Innflutt verðbólga reyndist hins vegar minni og hafði verð innfluttrar vöru hækkað um tæplega 1% í desember frá fyrra ári.





Í byrjun árs 2025 voru meginvextir Seðlabankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánunum, 8,5%. Í febrúar ákvað peningastefnunefnd að lækka þá um 0,5 prósentur. Í mars og maí ákvað nefndin að lækka þá enn frekar eða um 0,25 prósentur í hvort skipti. Meginvextirnir voru síðan óbreyttir í 7,50% fram í nóvember þegar nefndin ákvað að lækka þá um 0,25 prósentur. Í lok árs voru meginvextir bankans því 7,25% og höfðu verið lækkaðir um samtals 1,25 prósentur frá ársbyrjun.

Rökin fyrir lækkun vaxta á fyrri helmingi ársins voru að verðbólga hafði minnkað samhliða hægari umsvifum á húsnæðis- og vinnumarkaði og spennan í þjóðarþúinu hafði minnkað jafnt og þétt. Í ljósi þess að taumhald peningastefnunnar, mælt með raunvöxtum bankans, hafði aukist var ákveðið að lækka vexti en viðhalda jafnframt hæfilegu aðhaldsstigi. Nefndin taldi að taumhald peningastefnunnar þyrfti áfram að vera þétt þar sem enn var nokkur seigla í þjóðarþúskapnum, hækkun launakostnaðar var töluverð og verðbólguvæntingar voru yfir markmiði. Við bættist aukin óvissa í alþjóðlegum efnahagsmálum í kjölfar víðtækra tolla-hækkana.

Á síðari helmingi ársins taldi nefndin að aðstæður hefðu ekki skapast til að hægt væri að slaka á taumhaldi peningastefnunnar og ákvað því að staldra við og halda vöxtum óbreyttum í ágúst og október. Undir lok ársins urðu helstu útflutningsgreinar fyrir ýmsum áföllum og töluvert umrót skapaðist á innlendum lánamarkaði í kjölfar dóms Hæstaréttar í svonefndu vaxtamáli. Nefndin taldi líklegt að umrótið á lánamarkaði myndi þrengja að lánaþjórum og fjármálaskilyrðum heimila þótt raunvextir bankans hefðu lítið breyst. Í því

ljósi taldi nefndin rétt að lækka vexti til þess að vega á móti þeirri herðingu á taumhaldi sem umrótinu fylgdi.



Raunvextir bankans miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs voru 3,4% í lok ársins og lækkuðu um 0,8 prósentur á árinu. Raunvextir bankans miðað við tólf mánaða verðbólgu voru 2,6% í lok desember.

Gengi krónunnar hækkaði á fyrri hluta ársins sem endurspegladi að hluta veikingu bandaríkjadals í kjölfar breyttrar efnahagsstefnu bandarískra stjórnvalda og óvissu sem henni tengdist. Á sama tíma keyptu lífeyris-sjóðir lítið af gjaldeyri sem studdi við gengi krónunnar.

Gengið var tiltölulega stöðugt frá því í júlí og fram í miðjan október en tók að lækka nokkuð skarpt í kjölfar fyrrnefndra áfalla í útflutningsgreinum og dóms Hæstaréttar. Auk þess jókst fjármagnsútflæði í október og byrjun nóvember þegar erlendir aðilar seldu innlend ríkisbréf og hlutabréf. Gengi krónunnar var í lok desember 0,6% hærra gagnvart meðaltali gjaldmiðla helstu viðskiptalanda en á sama tíma árið á undan.



Seðlabankinn greip sjö sinnum inn í gjaldeyrismarkaðinn á árinu til að draga úr skammtímasveiflum í gengi krónunnar vegna fjármagnsinnflæðis. Seðlabankinn tilkynnti 10. apríl 2025 ákvörðun um að hefja reglubundin gjaldeyriskaup á gjaldeyrismarkaði fyrir samtals 6 milljónir evra á viku og hinn 12. júní ákvað bankinn að auka kaupin í 12 milljónir evra á viku. Markmið kaupanna var að efla gjaldeyrisforða bankans sem fjármagnaður er innanlands og mæta gjaldeyrisþörf ríkissjóðs. Hinn 17. nóvember minnkaði bankinn reglubundin kaup á gjaldeyri á ný úr 12 milljónum evra í 6 milljónir evra á viku og 8. desember var þeim hætt þar sem gjaldeyrisforðinn hafði þá náð viðmiði bankans um æskilega stærð. Gjaldreyriskaup bankans námu 67,9 ma.kr. á árinu, þar af 47,4 ma.kr. í reglubundnum kaupum. Viðskiptin voru um 1½% af heildarveltu á innlendum gjaldeyrismarkaði á tímabilinu.

Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa tók að hækka sl. sumar sem endurspeglar líklega að hluta væntingar um hægari lækkun meginvaxta og þar með annarra skammtímaxaxta en áður var talið. Meiri verðbólga í júní en almennt var búist við og sala erlendra aðila á innlendum ríkisbréfum höfðu líklega einnig áhrif til hækkunar á kröfunni. Í lok ágúst tók ávöxtunarkrafan

að lækka á ný þegar verðbólga reyndist minni en búist hafði verið við. Hún minnkaði enn frekar um miðjan október sem mátti líklega rekja til væntinga um hraðari lækkun meginvaxta á næstu misserum í ljósi aukinnar óvissu og horfa um hægari vöxt efnahagsumsvifa í kjölfar fyrrnefndra áfalla í útflutningsgreinum og dóms Hæstaréttar. Þá minnkaði verðbólga talsvert meira í nóvember en búist var við sem ýtti enn frekar undir lækkun kröfunnar. Krafan tók að hækka aftur í byrjun desember og hækkaði enn frekar síðar í mánuðinum þegar verðbólga reyndist nokkru meiri en vænst var. Ávöxtunarkrafa tíu ára óverðtryggðra ríkisbréfa var 6,5% í lok desember eða 0,1 prósentu lægri en hún var í lok árs 2024. Ávöxtunarkrafa tíu ára verðtryggðra ríkisbréfa hækkaði á hinn bóginn um 0,1 prósentu á sama tíma og var 2,7% í lok árs 2025.

Til þess að peningastefna geti verið framsýn þarf seðlabanki að ráða yfir haglíkönun sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur, einkum verðbólguhorfur. Stöðugt er unnið að þróun haglíkana til að meta efnahagshorfur og greina áhrif peningastefnunnar. Liður í því að auka gegnsæi er að Seðlabankinn birtir meginspálíkan sitt og gagnagrunn þess á vef sínum.

Nánari umfjöllun um þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrisamála og um stefnu og aðgerðir bankans á þessum sviðum á árinu má finna í fundargerðum peningastefnunefndar og í ritinu *Peningamál* sem var að venju gefið út fjórum sinnum á árinu.

Peningastefnunefnd

Samkvæmt lögum tekur peningastefnunefnd Seðlabankans ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum. Stjórnþækin teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvæðanir, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavaralán, bindiskylda, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf.

Peningastefnunefnd var á árinu 2025 skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinnar, Þórarni G. Péturssyni, varaseðlabankastjóra peningastefnu og staðgengli formanns, Tómasi Brynjólfssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Ásgerði Ósk Pétursdóttur, lektor við Háskólann í Bath á Englandi og Herdísi Steingrímsdóttur, dósent við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn.

Peningastefnunefnd hélt sex reglulega fundi á árinu 2025 og gaf út yfirlýsingu um ákvörðun sína eftir hvern fund. Þá birti nefndin fundargerðir sínar opinberlega hálfum mánuði eftir að vaxtaákvörðun var tilkynnt. Í fundargerðum nefndarinnar kemur fram mat á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum, rökstuðn-

ingur fyrir ákvörðunum nefndarinnar og upplýsingar um hvernig atkvæði nefndarmanna féllu. Í samræmi við ákvæði laganna gaf peningastefnunefnd Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á árinu.

Ákvarðanir peningastefnunefndar 2025

Ákvarðanir nefndarinnar um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum voru með eftirfarandi hætti:

5. febrúar: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,5 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

19. mars: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

21. maí: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra en Herdís Steingrímsdóttir hefði þó fremur kosið að halda vöxtum óbreyttum.

20. ágúst: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

8. október: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

19. nóvember: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra en Herdís Steingrímsdóttir hefði þó fremur kosið að halda vöxtum óbreyttum.



Peningastefnunefnd eins og hún var skipuð á árinu. Sitjandi eru frá vinstri Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar, og Þórarinn G. Pétursson varaseðlabankastjóri peningastefnu. Standandi frá vinstri eru Ásgerður Ósk Pétursdóttir, lektor við Háskólann í Bath á Englandi, Tómas Brynjólfsson varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og Herdís Steingrímsdóttir, dósent við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn.

Fjármálastöðugleiki



Samkvæmt lögum skal Seðlabanki Íslands stuðla að fjármálastöðugleika. Í því felst að fjármálakerfið búi yfir nægum viðnámsþrótti til að standast áföll í efnahagslífinu og á fjármálamörkuðum, geti miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Seðlabankinn skal einnig stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.


Seðlabankinn fylgist með og greinir stöðu fjármálakerfisins og bregst við ef þörf er á til að vinna gegn þróun sem gæti grafið undan stöðugleika þess. Bankinn fylgist jafnframt vel með stöðu einstakra fjármálafyrirtækja, fjármálamarkaða, fjármálainnviða, heimila og fyrirtækja, ytri stöðu þjóðarbúsins, fjármagnsflæði og endurfjármögnunaráhættu innlendra aðila á erlendum lánsfjármörkuðum. Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans á sviði fjármálastöðugleika til að efla og varðveita stöðugleika.

Staða fjármálastöðugleika

Fjármálastöðugleiki ríkti á Íslandi á síðasta ári með stöðugu, öruggu og virku fjármálakerfi. Hvorki varð rof né veruleg truflun á starfsemi þess og það bjó yfir nægum viðnámsþrótti til að þola áföll og ójafnvægi og miðla á sama tíma fjármagni og dreifa áhættu.

Framvinda á alþjóðavettvangi hefur áhrif á innlenda hagþróun og fjármálakerfi. Í apríl 2025 urðu alþjóðaviðskipti fyrir meiri háttar truflun þegar Bandaríkjastjórn kynnti veigamiklar breytingar á viðskiptastefnu sinni og stórhækkaða tolla. Óvissa um alþjóðaviðskipti hefur verið viðvarandi síðan þá og haft neikvæð áhrif á heimshagvöxt. Einnig gætti óvissu á síðasta ári vegna áframhaldandi stríðsreksturs Rússa í Úkraínu og fleiri átaka

og deilna ríkja um yfirráðasvæði. Þá jukust áhyggjur af sjálfbærni opinberra fjármála í mörgum iðnríkjum. Hækkun langtímavaxta á árinu markast af þessari þróun. Þrátt fyrir þetta voru eignir víða hátt verðlagðar á fjármálamörkuðum og áhættuálag lítið á árinu. Við slíkar aðstæður getur snörp aðlögun haft verulegar afleiðingar á alþjóðamörkuðum og fyrir heimsbúskapinn. Íslenskt efnahagslíf og fjármálakerfi fær ekki varhluta af því ef slík aðlögun myndi raungerast.




Viðnámsþróttur heimila og fyrirtækja var á heildina lítið sterkur á árinu. Eiginfjárlutföll voru há í sögulegum samanburði, hvort sem lítið er til einstakra atvinnugreina eða tekju- og aldurshópa einstaklinga. Þrátt fyrir viðvarandi verðbólgu og háa vexti voru engin merki um almennan greiðsluvanda hjá heimilum og fyrirtækjum á árinu. Vanskilahlutfall útlána var í senn

lágt í sögulegu samhengi og alþjóðlegum samanburði. Atvinnuleysi fór vaxandi á árinu og jókst það hraðar meðal erlendra ríkisborgara en íslenskra. Aukning í atvinnuleysi hefur verið mest í byggingageira og í greinum tengdum ferðaþjónustu. Aukist atvinnuleysi á komandi misserum gæti það rýrt viðnámsprótt heimila. Skuldavöxtur heimila og fyrirtækja var hóflegur enda eru raunvextir enn háir þrátt fyrir lækkun meginvaxta Seðlabankans á árinu 2025.

Mynd III-2

Hlutfall vaxtagjalda vegna íbúðalána af ráðstöfunartekjum heimila¹




1. Tíundir miða við ráðstöfunartekjur heimila. Ráðstöfunartekjur eru heildartekjur að frádregnum sköttum. Gildi fyrir 2025 er mat Seðlabankans á 3. ársfjórðungi. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd III-3

Fjöldi íbúða til sölu¹

10. janúar 2017 - 31. desember 2025



1. Línuveg brúun er notuð fyrir dagsetningar þar sem gögn vantar. Heimildir: Fasteignir.is, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Seðlabanki Íslands.

Vísitala íbúðaverðs lækkaði um rúmlega 2% að raunvirði á árinu og velta dróst saman um rúmlega 15% milli ára. Samdráttur í veltu milli ára á íbúðamarkaði má skýra að töluverðu leyti með grunnáhrifum sem rekja

má til fólksflutninga frá Grindavík árið 2024. Framboð á íbúðamarkaði jókst töluvert milli ára og í lok árs 2025 voru um 5.100 íbúðir auglýstar til sölu á landinu öllu sem eru rúmlega 1.200 fleiri íbúðir en í árslok 2024. Óseldum nýbyggingum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði sérstaklega mikið og birgðatími þeirra lengdist.

Íbúðaverð lækkaði einnig nokkuð á árinu í hlutfalli við þá þætti sem alla jafna ráða þróun þess, svo sem laun og leiguverð, en aukið framboð gæti ýtt undir frekari leiðréttingu verðsins á komandi misserum. Fjöldi kaupenda fyrstu fasteignar var talsverður á árinu, eða um 5.500, og voru þeir fleiri en árið á undan. Umsvif í íbúðabyggingum minnkuðu lítillega á árinu. Byggingageirinn virðist þó enn starfa við full afköst þrátt fyrir að fyrstu merki um kólnun hafi komið fram.


Lífeyrissjóðir drógu verulega úr gjaldeyriskaupum frá fyrra ári. Hrein gjaldeyriskaup þeirra námu 54 ma.kr. samanborið við 84 ma.kr. árið áður. Skýrast minni kaup meðal annars af því að lífeyrissjóðirnir eignuðust talsvert af erlendum gjaldeyri í tengslum við yfirtöku JBT á Marel og uppgjör ÍL-sjóðs á árinu. Óvissa um alþjóðlegar efnahagshorfur og sveiflur á erlendum verðbréfa-mörkuðum gætu einnig hafa dregið úr eftirspurn þeirra eftir gjaldeyri.

Heildareiginfjárstaða bankanna var vel yfir lögbundnum lágmarkum í árslok, þrátt fyrir umtalsverðar arðgreiðslur og endurkaup eigin bréfa. Afkoma kerfislega mikilvægu viðskiptabankanna þriggja á árinu var með ágætum og yfir markmiðum. Grunnrekstur bankanna styrktist á árinu. Samanlagt eiginfjárlutfall stóru bankanna þriggja var tæplega 24% í lok ársins og hækkaði um hálfa prósentu á milli ára. Eiginfjárlutföll einstakra banka voru á bilinu 3-5 prósentur yfir heildareiginfjárkröfu. Mat bankanna á áhrifum af lögfestingu svokallaðrar CRR III-reglugerðar Evrópusambandsins í desember 2025 er að með því hafi eiginfjárlutfallið hækkað um 1-2 prósentur. Þeir búa jafnframt yfir nægu eigin fé og hæfum skuldbindingum til að mæta MREL-kröfum skilavalds Seðlabanka Íslands.

Heildarlausafjárlutfall kerfislega mikilvægu bankanna var nokkuð stöðugt á síðastliðnu ári og lausafjárstaða þeirra sterk. Vaxtaálag á erlendar skuldabréfaútgáfur þeirra hefur sveiflast mikið síðustu ár en lækkaði frá vori fram á haust og var stöðugt síðustu mánuði ársins. Bankarnir gáfu út talsvert meira af skuldabréfum í erlendum gjaldmiðlum á árinu en undanfarin ár. Tímalengd á erlendum útgáfum jókst einnig á árinu.

Viðnámspróttur viðskiptabankanna var mikill í lok ársins 2025 en sterkt og öflugt bankakerfi skiptir sköpum við að viðhalda starfhæfu fjármálakerfi og varðveita fjármálastöðugleika. Slík staða er mjög mikilvæg nú þar

sem talsverð óvissa ríkir um framgang alþjóðastjórn- mála, efasemdir eru um sjálfbærni ríkisfjármála margra ríkja og verðlagning helstu eignamarkaða erlendis telst há í sögulegu samhengi.



viðnámsprótt. Í TIBER-verkefninu er lögð áhersla á að þjálfa starfsfólk innlands fjármálakerfis í netvörnum. Á árinu var auk þess undirbúið hvernig mætti nýta núverandi grunn fyrir TIBER-prófanir fyrir netárásaprófanir samkvæmt löggjöf um stafrænan viðnámsprótt fjármálakerfisins.

Með það að markmiði að efla seiglu í greiðslumiðlun var unnið að því á árinu að fjölga mögulegum greiðsluleiðum í smágreiðslumiðlun hér á landi. Seðlabankinn kallaði eftir tillögum að útfærslu og áætlunum kostnaði við miðlægan innvið fyrir greiðslubeiðnir hér á landi sem gæti gert það mögulegt að staðgreiða með millifærslu fyrir vörur og þjónustu. Þá hófst vinna við að innleiða kortagreiðslur án nettengingar, sem styrkja smágreiðslumiðlun ef netsamband rofnar innanlands eða við útlönd. Hagkvæmnismat var sömuleiðis framkvæmt fyrir TIPS-smágreiðslukerfi Evrukerfisins og ákveðið að sækja um aðild að kerfinu til að nýta það fyrir millibankagreiðslumiðlun hér á landi í staðinn fyrir núverandi smágreiðslukerfi Seðlabankans. Kerfið er hannað af seðlabönkum í Evrópu og lögð rík áhersla á öryggi þess og skilvirkni. Samhliða upptöku kerfisins verður komið á fót innlendri varalausn sem stuðlar að auknu öryggi ef rof verður á netsambandi við útlönd.

Viðnámspróttur í greiðslumiðlun

Seðlabankinn skal stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd. Í þessu felst m.a. að Seðlabankanum ber að stuðla að viðnámsprótti greiðslumiðlunar og að til staðar séu virkar greiðsluleiðir þannig að viðskipti geti gengið hnökralaust fyrir sig. Traustir og öruggir fjármálainnvíðir eru þannig undirstaða virkni hagkerfisins.

Fjármálakerfið stendur áfram frammi fyrir stöðugt vaxandi ógnum. Fjölpáttaógnir hafa verið í brennidepli og ekkert lát er á netárásam bæði hér á landi og erlendis. Í ljósi þessarar þróunar var lögð rík áhersla á aukinn viðnámsprótt íslenskra fjármálainnviða á árinu sem og framþróun þeirra í takt við alþjóðlega þróun.

Lokið var við fyrstu útgáfu af viðlagahandbók fyrir fjármálainnviði þar sem lýst er hlutverki og ábyrgð Seðlabanka Íslands hvað varðar rekstraröryggi kerfislega mikilvægra innviða og tengdra innviða. Seðlabankinn hefur innleitt umgjörð fyrir TIBER-netöryggisprófanir fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru mikilvægir aðilar að innlendu fjármálakerfi.¹ Prófanir eru þegar hafnar í því skyni að greina veikleika í vörnum og efla með því

Skilavald

Skilavald er hluti af Seðlabanka Íslands og starfar í samræmi við lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020. Skilavaldið hefur heimild til að taka ákvarðanir um skilameðferð og beitingu skilaúrræða hjá fjármálafyrirtækjum sem teljast vera á fallanda fæti (e. failing or likely to fail), þ.e. geta ekki eða munu ekki geta staðið við skuldbindingar sínar. Meginverkefni skilavaldsins er að semja skilaáætlanir fyrir fjármálafyrirtæki og halda þeim við til að undirbúa aðgerðir vegna áhrifa af falli banka. Skilaáætlanir byggjast á mati á skilabærni hvers banka, sem m.a. felur í sér mat á hvort fall aðilans geti ógnað vernd fjármála- stöðugleika og tryggðra innstæðna. Við matið greinir skilavaldið einnig nauðsynlega starfsemi og kjarna- starfssvið hvers fyrirtækis. Í skilaáætlunum skal ákvarða æskilegustu skilastefnu, greina mögulegar útfærslur á æskilegustu skilastefnu og öðrum skilastefnum og tilgreina aðgerðir sem skilavaldið grípur til ef fjármála- fyrirtæki er á fallanda fæti. Við samþykkt skilaáætlunar er tekin ákvörðun um MREL-kröfur fyrir hvern aðila.

Við mat á skilabærni og gerð skilaáætlana fyrir banka styðst skilavaldið við íslensk lög og alþjóðleg viðmið. Undanfarin ár hefur skilavaldið lagt áherslu á að skilaáætlanir hér á landi séu unnar í samræmi við við-

1. TIBER-IS er umgjörð um netárásaprófanir fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru mikilvæg fyrir íslenskt fjármálakerfi. Umgjörðinni er ætlað að auka skilning þátttakenda í prófunum á getu til að verjast netárásam og þannig efla viðnámsprótt þeirra.

miðunarreglur EBA um mat á skilabærni (einkum EBA/GL/2022/01 með síðari breytingum). Í tengslum við þessa áherslu mótar skilavaldið nokkurra ára prófunaráætlun fyrir sérhvern banka. Á árinu 2025 voru valin atriði varðandi eiginfjár- og lausafjártengda þætti prófuð reglulega í samræmi við áætlun hvers aðila fyrir sig. Stefnt verður að áframhaldandi prófunum á komandi árum til að undirbúa fumlaus viðbrögð við framkvæmd skilameðferðar, reynist þörf á því.

Á árinu 2025 yfirför skilavaldið skilaáætlanir og uppfærði eftir því sem við átti fyrir viðskiptabankana fjóra: Arion banka hf., Íslandsbanka hf., Kviku banka hf. og Landsbankann hf. Þá voru skilaáætlanir sparisjóða yfirfarnar, líkt og kveðið er á um í lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Enn fremur var á árinu 2025 unnið að mati á skilabærni indó sparisjóðs hf., Teya Iceland hf. og Skaga hf., í því augnamiði að ljúka við skilaáætlanir umræddra félaga á árinu 2026.

Fjármálastöðugleikanefnd

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Nefndinni er falið að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, skilgreina nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja fjármálastöðugleika og ákveða hvaða aðilar, innviðir eða markaðir teljist kerfislega mikilvægir. Fjármálastöðugleikanefnd getur beint ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til um nauðsynlegar aðgerðir til að efla og varðveita fjármálastöðugleika. Þá samþykkir nefndin einnig stjórnvaldsfyrirmæli og tekur þær ákvarðanir sem henni er falið að taka með lögum.

Árið 2025 var sjötta starfsár fjármálastöðugleikanefndar. Á árinu skipuðu nefndina: Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, formaður, Tómas Brynjólfsson varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, varaformaður, Þórarinn G. Pétursson varaseðlabankastjóri peningastefnu, Björk Sigurgísladóttir varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, Arnaldur Sölvi Kristjánsson, lektor við Háskóla Íslands, Axel Hall, lektor við Háskólann í Reykjavík og Bryndís Ásbjarnardóttir, aðjúnt við Háskólann á Bifröst. Þá á fulltrúi ráðuneytisins sæti í nefndinni með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Fjármálastöðugleikanefnd hélt sex fundi á árinu. Nefndin birtir ákvarðanir sínar opinberlega með yfirlýsingu eftir fundi sína og gerir þar grein fyrir beitingu stjórnækja á sviði fjármálastöðugleika ásamt mati sínu á ástandi og horfum í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Fundargerðir nefndarinnar eru

birtar opinberlega á heimasíðu Seðlabanka Íslands innan mánaðar frá fundi. Í fundargerðunum og í ritinu *Fjármálastöðugleiki*, sem var gefið út tvisvar á árinu, má finna nánari umfjöllun um fjármálastöðugleika og um stefnu og aðgerðir bankans á þessu sviði. Í samræmi við ákvæði laga um bankann gaf fjármálastöðugleikanefnd Alþingi á árinu skýrslu um störf sín.

Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar 2025

Nefndin gerði í tvígang breytingar á lánþegaskilyrðum Seðlabankans. Í október var haldinn aukafundur til að ræða hnökra sem höfðu myndast á íbúðalánamarkaði í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 55/2024, sem var fyrsti dómurinn í vaxtamálunum svokölluðu. Mat nefndarinnar var að töluverð óvissa ríkti á íbúðalánamarkaði í kjölfar dómsins, þar sem dregið hefði úr framboði lána, a.m.k. um tíma, sér í lagi lána með tiltölulega lægri greiðslubyrði. Tvær breytingar voru gerðar á lánþegaskilyrðum: Annars vegar var undanþáguheimild lánveitenda á hverjum ársfjórðungi hækkuð úr 5% í 10% af heildarfjárhæð veittra lána og hins vegar var hámark veðsetningarhlutfalls fasteignalána til kaupenda á fyrstu fasteign hækkað úr 85% í 90%. Nefndarmenn töldu að breytingarnar myndu styðja við virkni íbúðalánamarkaðarins og veita lánveitendum aukið svigrúm til að bregðast við ríkjandi óvissu, sér í lagi hvað varðaði kaupendur fyrstu fasteignar og tekjulægri kaupendur.

Í desember þegar nefndin kom saman hafði fjölgað nokkuð sjóðum sem hugðust fjárfesta með einstaklingum í íbúðarhúsnæði. Að mati nefndarinnar er þetta fyrirkomulag áhættusamara en hefðbundin íbúðakaup vegna lægra eiginfjárframlags kaupenda og hægari eiginfjármýndunar. Útbreidd notkun þessa fyrirkomulags gæti að óbreyttu leitt til aukinnar kerfisáhættu. Nefndin samþykkti því breytingar á reglum um hámark greiðslubyrðar fasteignalána í hlutfalli við tekjur neytenda, þar sem tilgreint er að við útreikning á greiðslubyrði skuli litið til allra greiðslna sem falla til hjá einstaklingum við öflun íbúðarhúsnæðis. Þar á meðal þurfi að líta til greiðslna vegna afnota, jafnvel þótt þeim sé frestað. Telja má sennilegt að breytingar á reglum um greiðslubyrðarhlutföll hafi stuðlað að því að virkni lánþegaskilyrða haldist í öllum meginatriðum og ósennilegt sé að kerfisáhætta hafi aukist með tilkomu sjóðanna. Fjármálastöðugleikanefnd mun áfram fylgjast með þróuninni hvað þessa sjóði varðar.

Nefndin fjallaði um greiðslumiðlun á öllum fundum ársins og taldi netárásir einn af megin áhættuþáttum fyrir fjármálastöðugleika á árinu 2025. Lagði nefndin

Því áherslu á að unnið yrði að því að stuðla að rekstraröryggi fjármálainnviða. Í því ljósi og á grundvelli nýfenginna reglusetningarheimilda til að efla öryggi og styrkja viðnámsþrótt innlendrar greiðslumiðlunar í lögum um Seðlabanka Íslands samþykkti nefndin tvennar nýjar reglur í desember. Annars vegar samþykkti nefndin reglur um yfirsýn með kerfislega mikilvægum innviðum og hins vegar reglur um atvikamiðstöð fjármálainnviða. Atvikamiðstöð er ætlað lykilhlutverk í skjótum og öruggum upplýsingaskiptum og samhæfingu vegna net- eða rekstraratvika í fjármálakerfinu.

Seðlabankinn setti sér enn fremur tvær stefnur í júní til þess að lýsa tilgangi, markmiðum og megináherslum bankans varðandi greiðslumiðlun í landinu. Annars vegar stefnu um fjármálainnviði og hins vegar stefnu um yfirsýn með fjármálainnviðum. Markmiðið er að fjármálainnviðir skuli vera öruggir, skilvirkir, hagkvæmir og aðgengilegir. Einnig var kynnt stefna um netöryggi fjármálakerfisins.

Fjármálastöðugleikanefnd lauk árlegu endurmati á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum og ákvað eiginfjáráuka vegna kerfislegs mikilvægis í desember. Nefndin staðfesti kerfislegt mikilvægi Arion banka,

Íslandsbanka og Landsbankans. Líklegt er að fall eins þeirra myndi hafa veruleg neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika hér á landi og talsverð smitáhrif yfir í önnur fjármálafyrirtæki og hagkerfið í heild. Ákveðið var að halda gildi eiginfjáráuka vegna kerfislegs mikilvægis óbreyttu í 3% fyrir allar áhættuskuldbindingar kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja.

Þá ákvað fjármálastöðugleikanefnd að halda gildi sveiflujöfnunarauka óbreyttu á árinu 2025, eða í 2,5% af innlendum áhættugrunni.

Nefndin ákvað jafnframt í desember að halda gildi eiginfjáráuka vegna kerfisáhættu óbreyttu í 2% vegna innlendra áhættuskuldbindinga innlánsstofnana. Kerfisáhættuaukanum er beitt gagnvart undirliggjandi áhættu íslenska hagkerfisins. Slík kerfisáhætta er sögð ósveiflutengd eða innbyggð og er gildi aukans endurskoðað á tveggja ára fresti.

Samanlögð eiginfjárákra kerfislega mikilvægra banka vegna eiginfjáráuka var því óbreytt á árinu. Heildarkrafan var sömuleiðis svo til óbreytt og eigið fé KMB á bilinu 3 til 5 prósentur yfir heildareiginfjárförðunni í árslok 2025.



Fjármálastöðugleikanefnd, eins og hún var í árslok 2025. Sitjandi frá vinstri eru Þórarinn G. Pétursson varaseðlabankastjóri peningastefnu, Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar, Tómas Brynjólfsson varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og Björk Sigurgísladóttir varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits. Standandi frá vinstri eru Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, með málfrelsi og tillögurétt í nefndinni en án atkvæðisréttar, Axel Hall, lektor við Háskólann í Reykjavík, Bryndís Ásbjarnardóttir, aðjúntkt við Háskólann á Bifröst og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, lektor við Háskóla Íslands.

Fjármálaeftirlit

IV

Seðlabanki Íslands skal samkvæmt lögum stuðla að traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Seðlabankinn fer með þau verkefni sem fjármálaeftirliti eru falin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Bankinn fylgist með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli og að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, sbr. lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þá fylgist bankinn með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila taki mið af neytendavernd.

Fjármálaeftirlitsnefnd

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans tekur þær ákvarðanir sem taldar eru upp í 1. mgr. 15. gr. laga um Seðlabanka Íslands, m.a. um álagningu stjórnvaldssekta, beitingu dagsekta til að knýja á um úrbætur, kæru til lögreglu vegna meintra brota, afturköllun starfsleyfis vegna alvarlegra eða ítrekaðra brota og frávíkningu stjórnarmanns og framkvæmdastjóra vegna brotlegrar háttsemi. Þá setur nefndin stefnu um beitingu stjórnsýsluviðurlaga og þvingunarúrræða og veitir umsögn um stefnumarkandi áherslur í fjármálaeftirliti.

Á árinu 2025 hélt fjármálaeftirlitsnefnd 10 fundi. Auk þess tók nefndin nokkur mál til meðferðar utan funda.

Í fjármálaeftirlitsnefnd árið 2025 sátu Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, formaður, Björk Sigurgísladóttir varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, varaformaður, og Tómas Brynjólfsson varaseðlabankastjóri fjármálastöðuleika. Í fjármálaeftirlitsnefnd sátu einnig ráðherra skipuðu sérfræðingarnir Erna Hjaltested, Gunnar Þór Pétursson og Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir.

Í ritinu *Fjármálaeftirlit*, sem gefið er út einu sinni á ári, er nánar fjallað um starfsemi bankans á sviði fjármálaeftirlits. Í samræmi við ákvæði laga um Seðlabankann gefur fjármálaeftirlitsnefnd Alþingi árlega skýrslu um störf sín á liðnu ári.

Eftirlit með fjármálafyrirtækjum, rafeyrisfyrirtækjum og greiðslustofnunum

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með fjármálafyrirtækjum, rafeyrisfyrirtækjum og greiðslustofnunum á grundvelli viðeigandi laga. Eftirlitið byggir á tveimur meginstöðum: annars vegar reglubundinni yfirferð samkvæmt grunneftirlitslíkani, þar sem unnið er með regluleg gagnaskil, greiningu á lykiláhættuvísum, árlegt áhættumat og viðtöl við stjórn og stjórnendur; hins vegar sér-tækum athugunum sem ráðist er í þegar áhættumat eða aðstæður kalla á nánari skoðun.

Eftirlitið er áhættumiðað og tekur mið af áhrifavægi eftirlitsskyldra aðila. Þannig er forgangsöröðun verkefna og val eftirlitstækja byggt á niðurstöðu áhættumata og stefnumarkandi áherslum. Meginmarkmiðið er að tryggja að eftirlitsskyldu aðilarnir búi yfir fullnægjandi fjárhagslegum styrk, traustum stjórnarháttum og sjálfbærum viðskiptalíkönunum, þannig að þeir geti staðið af sér áföll og haldið uppi öruggri þjónustu við viðskiptavini og fjármálakerfið í heild.

Eftirlit á árinu 2025

Í lok árs 2025 voru nítján fjármálafyrirtæki undir eftirliti, þar af fjórir viðskiptabankar, fjórir sparisjóðir, fjögur lánaþyrirtæki og sjö verðbréfaþyrirtæki. Auk þess voru tvö rafeyrisfyrirtæki og tvær greiðslustofnanir undir eftirliti.

Prír viðskiptabankar, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf., teljast kerfislega mikilvægir bankar og eru því almennt undir nánara og umfangsmeira eftirliti en aðilar með minna áhrifavægi.

Reglubundið eftirlit felur meðal annars í sér stöðuga vöktun á áhættuþróun, mat á því hvort áhætta teljist ásættanleg og hvort tilefni sé til frekari athugana eða tafarlausra viðbragða. Slík vöktun er grundvöllur þess að athyglinni sé beint þangað sem þörfin er mest og styður við skilvirka framkvæmd áhættumiðaðs eftirlits. Samhliða eiga sér stað samskipti við eftirlitsskylda aðila, auk úrvinnslu sérfræðifyrirspruna og afgreiðslu ýmissa umsókna.

Á árinu 2025 var lögð sérstök áhersla á sértækar athuganir, bæði vettvangsathuganir og aðrar athuganir sem eru unnar að mestu á starfsstöð Seðlabankans. Að lokinni athugun eru eftir atvikum settar fram athugasemdir og kröfur um úrbætur og niðurstöður nýttast jafnframt sem mikilvægt innlegg í reglubundið áhættumat og könnunar- og matsferli. Vettvangsathuganir beindust áfram að útlánaáhættu og útlánaferlum, m.a. vegna lánveitinga til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, mati á flokkun útlána í virðismati, sem og innra eftirliti og áhættustýringu. Jafnframt hófust athuganir hjá kerfislega mikilvægum bönkum á umgjörð og ákvarðanatöku vegna niðurfærslna samkvæmt reikningsskilastaðlinum IFRS 9, auk athugana á samþjöppunaráhættu og geiraflokkun skuldbindinga.

Aðrar sértækar athuganir á árinu beindust m.a. að útlánum með veði í viðskiptakröfum og vörubirgðum, stöðu og þróun stærstu útlána til byggingaverktaka, hagsmunaárekstrum innan stjórna, rekstraráhættu og útvistun hjá sparisjóðum, sem og verklagi við skráningu og meðferð netsvikamála samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu. Á sama tíma hófst vinna við frekari athuganir sem lúta að stjórnarháttum, upplýsingatækniáhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu og loftslagsáhættu. Þá hefur fjármálaeftirlitið enn fremur eft leiðbeiningarhlutverk sitt um túlkun og innleiðingu regluverks.

Könnunar- og matsferli (SREP)

Kjarnahluti varúðareftirlits með viðskiptabönkum er árlegt könnunar- og matsferli (SREP), þar sem lagt er heildstætt mat á viðskiptalíkan, stjórnarhætti og innra eftirlit, helstu áhættuþætti (m.a. útlána-, mótaðila-, samþjöppunar-, markaðs-, rekstrar- og lausafjáráhættu) og niðurstöðu álagsprófa. Á grundvelli ferlisins er metið hvort áhættumildandi ráðstafanir séu fullnægjandi og hvort eiginfjár- og lausafjárstaða sé viðunandi. Ferlið getur leitt til ákvörðunar um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn (stoð II-R) til viðbótar við lágmarkskröfur (stoð

I). Hjá öðrum fjármálafyrirtækjum er SREP yfirleitt framkvæmt sjaldnar, en árlegt áhættumat er engu að síður unnið.

Á árinu 2025 voru birtar niðurstöður um viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn hjá kerfislega mikilvægum bönkum, þar sem krafan var á bilinu 1,4–2,5% og heildarkrafa um eiginfjárgrunn á samstæðugrunni á bilinu 19,3–20,4%. Þá var birt niðurstaða fyrir Kviku banka hf. með viðbótarkröfu sem var 3,5% og heildarkröfu sem var 17,9%.

Vaxtamál

Fjármálaeftirlitið fylgdist með áhrifum dóma Hæstaréttar í svokölluðum vaxtamálum á lánastofnanir og mat hugsanleg áhrif á eiginfjár- og vogunarhlutföll, með sviðsmyndagreiningu vegna óvissu um afmörkun dómafordæma. Samkvæmt þeim sviðsmyndum sem metnar voru reyndust hlutföll bankanna yfir gildandi lágmarkskröfum.

Endurbótaáætlanir

Yfirferð endurbótaáætlaða lánastofnana og samspil við skilameðferð er mikilvægur þáttur í viðnámsþrótti lánastofnana en á árinu var farið yfir þessar áætlanir.

Eftirlit með váttryggingastarfsemi

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með váttryggingafélögum og aðilum sem dreifa váttryggingum á grundvelli laga. Eftirlitið er áhættumiðað og byggist annars vegar á reglubundinni yfirferð gagna, mati á gjaldþoli og áhættuþáttum, þar á meðal eigin áhættumati félaganna (ORSA), og hins vegar á sértækum athugunum eftir aðstæðum hverju sinni.

Í árslok 2025 störfuðu fjögur skaðatryggingafélög og fjögur líftryggingafélög með starfsleyfi hér á landi, auk eins endurtryggingafélags og Náttúruhamfaratrygginga Íslands. Níu váttryggingamiðlanir höfðu einnig starfsleyfi.

Á árinu 2025 var lögð áhersla á mat á váttryggingaskuld og framkvæmd tryggingastærðfræðilegra útreikninga hjá skaðatryggingafélögum. Þá voru gerðar athuganir á rekstrar-, upplýsinga- og öryggisáhættu í upplýsingatækni kerfum félaga og niðurstöður birtar þar sem við átti.

Erlendum váttryggingafélögum innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) er heimilt að veita þjónustu hér á landi, með eða án starfsstöðvar. Bókfærð iðgjöld til erlendra líftryggingafélaga námu 27,4 ma.kr. árið 2024, þar af 19,4 ma.kr. vegna lífeyristrygginga. Einkum er um að ræða viðbótartryggingavernd sem seld er á grundvelli laga um lífeyrissjóði.

Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar á grundvelli laga. Eftirlitið er áhættumiðað og byggist annars vegar á reglubundinni yfirferð gagnaskila, mati á helstu áhættuþáttum og þróun markaða og hins vegar á sértækum athugunum eftir tilefni hverju sinni. Þá er eigin áhættumat lífeyrissjóða tekið til skoðunar og viðtöl tekin við stjórnendur og lykilstarfsmenn.

Í árslok 2025 voru starfandi nítján lífeyrissjóðir sem tóku við lögbundnu iðgjaldi samtryggingardeilda en á árinu hafði þeim fækkað um einn í kjölfar sameiningar. Prettán lífeyrissjóðir buðu valfrjálstan séreignarsparnað í samtals 44 deildum. Auk þess störfuðu fimm innlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar með 31 deild og þrjú erlend váttryggingafélög buðu séreignarsparnað í formi lífeyristrygginga.

Reglubundið eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar felur meðal annars í sér yfirferð á gögnum sem þeim ber að skila til fjármálaeftirlitsins sem og mat á stöðu og þróun áhættu í starfsemi lífeyrissjóðanna. Á árinu var jafnframt kannað hvaða áhrif dómar Hæstaréttar í svonefndum vaxtamálum gætu haft á lífeyrissjóði sem veita sjóðfélagalán.

Fjármálaeftirlitið veitti einnig umsagnir um breytingar á samþykktum lífeyrissjóða, m.a. vegna aðlögunar að sameiningu, breytinga á regluverki og fyrirkomulagi stjórnarháttanna. Þá beindust sértækar athuganir einkum að stjórnarháttum, áhættustýringu og rekstraráhættu, þar á meðal áhættu tengdri upplýsingakerfum og breytingastjórnun. Í kjölfar athugana voru eftir atvikum gerðar kröfur um úrbætur og birtar gagnsæistilkynningar þar sem við átti.

Eftirlit með verðbréfamarkaði

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með verðbréfamarkaði með það að markmiði að stuðla að skilvirkum og öruggum markaði. Eftirlitið nær til upplýsingagjafar útgefenda, háttsemi markaðsaðila, þar á meðal mögulegra markaðssvika, og gagnaskila eftirlitsskyldra aðila. Þá fellur undir eftirlitið starfsemi Kauphallar Íslands og Verðbréfamiðstöðvar Íslands, auk þátttöku í alþjóðlegu samstarfi eftirlitsaðila.

Á árinu 2025 var áfram lögð sérstök áhersla á gæði viðskiptaskýrslna (TRS II) og tilkynningar um grunsamleg viðskipti (STOR). Framkvæmdar voru vettvangsatluganir og aðrar athuganir til að tryggja áreiðanleika gagnaskila og fylgni við regluverk um markaðssvik.

Þá var unnið að greiningu mála vegna meintra brota á lögum um verðbréfamarkað, þar sem hluta mála var vísað til frekari rannsóknar. Ein sátt var gerð á árinu vegna brota á reglum um upplýsingagjöf.

Fjármálaeftirlitið staðfesti 28 lýsingar á árinu, þar af tvær vegna hlutabréfa. Skortstöðutilkynningum fjölgaði og bárust 177 slíkar tilkynningar á árinu, sem er mesti fjöldi frá gildistöku laga um skortsölu.

Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda

Á árinu 2025 var lögð sérstök áhersla á söluhætti við dreifingu lífeyristrygginga, ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra, upplýsingagjöf og vörusamþykktarferli. Virkt eftirlit á þessu sviði er lykilsenda trausts neytenda og fjárfesta og stuðlar að heilbrigðum fjármála-markaði.

Á árinu bárust fjármálaeftirlitinu hátt í 200 erindi frá neytendum og fjárfestum sem voru tekin til greiningar og leiddu í sumum tilvikum til sértækra athugana. Þá lauk nokkrum viðurlagamálum með sáttum vegna brota á reglum um rekstur sjóða og framkvæmd útboða.

Fjármálaeftirlitið vann jafnframt að sjálfsmati á innleiðingu reglna um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni (SFDR) og átti fundi með váttryggingamiðlurum um söluhætti lífeyristrygginga. Fræðsluefni fyrir neytendur var eftt og lögð áhersla á mikilvægi skýrrar og aðgengilegrar upplýsingagjafar.

Á árinu voru einnig birtar viðvaranir í samstarfi við evrópskar eftirlitsstofnanir, m.a. um sýndareignir, notkun gervigreindar við fjárfestingar og stöðu slóvakíska tryggingafélagsins NOVIS eftir afturköllun starfsleyfis þess. Þá fylgdist fjármálaeftirlitið með áhrifum dóma Hæstaréttar í svonefndum vaxtamálum á neytendavernd og upplýsingagjöf lánveitenda.

Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða. Eftirlitið beinist að því að tryggja að rekstur og fjárfestingar sjóða séu í samræmi við lög og eigin reglur, auk þess sem horft er til áhættustýringar, hagsmunaárekstra, lausafjárstýringar og hlutverks vörsluaðila.

Í árslok 2025 störfuðu sex rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjögur félög voru með starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, auk 20 skráðra rekstraraðila.

Samtals voru 38 verðbréfasjóðir, 79 sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta og 152 aðrir sérhæfðir sjóðir undir eftirliti. Fjöldi nýrra sérhæfðra sjóða var stofnaður á árinu og breytingar urðu á skráningu rekstraraðila.

Fjármálaeftirlitið veitti markaðssetningarheimildir til innlendra og erlendra sérhæfðra sjóða og fylgdist með umsóknum frá rekstraraðilum utan EES. Þá tók eftirlitið þátt í samevrópskri gagnaöflun og athugun á vegum ESMA, m.a. um þóknarir og kostnað sjóða og framkvæmd regluvörslu og innri endurskoðunar hjá tilteknum rekstraraðilum.

Eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna

Fjármálaeftirlitið sinnir áhættumiðuðu eftirliti með tilkynningarskyldum aðilum í samræmi við lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Fjöldi tilkynningarskyldra aðila undir eftirliti var 101 í árslok 2025.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi fjölda athugana á árinu hjá tilkynningarskyldum aðilum. Þar á meðal var lokið við vettvangsathuganir hjá 18 aðilum þar sem meðal annars var lagt mat á áhættumiðaðar aðgerðir og fylgni þeirra við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og lög um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.

Á árinu voru viðmiðunarreglur EBA, um innri stefnur, verkferla og stýritæki til að tryggja beitingu þvingunaraðgerða, teknar upp og fræðsluefni af ýmsum toga fyrir tilkynningarskylda aðila uppfært. Jafnframt var listi yfir starfsheiti sem teljast til háttsettra opinberra starfa, í tengslum við mat á einstaklingum sem teljast í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla, uppfærður á árinu. Auk þess var listi yfir áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki uppfærður í þriggja í samræmi við breytingar á listum Financial Action Task Force (FATF) og Evrópusambandsins.

Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir eru þáttur í reglubundnu eftirliti með eftirlitsskyldum aðilum og eru ein af þeim aðferðum sem fjármálaeftirlitið beitir við framkvæmd lögbundins hlutverks síns. Markmið vettvangsathugana er meðal annars að kanna og meta undirliggjandi áhættuþætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila, sem og að leggja mat á stjórnarhætti og umgjörð innra eftirlitserkis þeirra.

Ákvörðun um framkvæmd vettvangsathugunar er byggð á áhrifavægi eftirlitsskyldra aðila ásamt niður-

stöðu áhættumats. Jafnframt er tekið mið af stærð, kerfislegu mikilvægi, eðli, umfangi og því hversu margþætt starfsemin er.

Lokið var við 27 vettvangsathuganir á árinu 2025. Áhersla var einkum lögð á vettvangsathuganir er tengdust útlánaáhættu, rekstraráhættu og áhættu-stýringu og innra eftirlit hjá eftirlitsskyldum aðilum. Auk þess var áhersla lögð á athuganir er tengdust aðgerðum tilkynningarskyldra aðila gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og gereyðingarvopna og ráðstafanir þeirra vegna eftirlits með aðilum á alþjóðlegum þvingunarlistum.

Mat á hæfi, virkir eignarhlutir og starfsleyfi

Hæfismat stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila. Hæfismat fer fram þegar þeir hefja störf hjá eftirlitsskyldum aðila. Jafnframt getur fjármálaeftirlitið tekið hæfi þeirra til endurskoðunar ef tilefni þykir til. Ávallt hvílir sú ábyrgð á eftirlitsskyldum aðilum að tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar þeirra fullnægi á hverjum tíma þeim hæfisskilyrðum sem mælt er fyrir um í lögum og reglum.

Fjármálaeftirlitið mat hæfi 107 stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila á árinu 2025. Líkt og á fyrri árum sneri matið aðallega að stjórnarmönnum. Alls stóðust 104 einstaklingar hæfismatið en þrír ekki, annars vegar vegna ófullnægjandi þekkingar og hins vegar vegna þess að þeir mættu ekki í munnlegt hæfismat.

Virkir eignarhlutir

Á árinu 2025 voru afgreiddar tilkynningar um virkan eignarhlut í tveimur eftirlitsskyldum aðilum, annars vegar í greiðslustofnuninni Blikk hugbúnaðarþjónustu hf. og hins vegar rafeyrisfyrirtækinu Rapyd Europe hf.

Starfsleyfi og önnur leyfismál

Á árinu 2025 urðu nokkrar breytingar á starfsleyfum og öðrum leyfismálum eftirlitsskyldra aðila.

Samruni Sparisjóðs Strandamanna hf. og Sparisjóðs Höfðhverfinga hf. var samþykktur. Við samrunann tók síðarnefndi sparisjóðurinn við rekstri hins fyrrnefnda og var heiti hins sameinaða sparisjóðs breytt í Smára sparisjóð hf.

Í tengslum við breytingar á samstæðu Skaga hf. var starfsleyfi félagsins sem vátryggingafélag afturkallað og vátryggingastarfsemi þess færð til VÍS trygg-

inga hf. Þá var samruni dótturfélaga Skaga hf., ÍV sjóða hf. og Íslenskra verðbréfa hf., samþykktur, auk þess sem SIV eignastýring hf. sameinaðist ÍV sjóðum hf. Jafnframt var samþykkt að flytja rekstrarhluta Íslenskra verðbréfa hf. til Fossa fjárfestingarbanka hf. Með þessum breytingum tóku ÍV sjóðir hf., nú Íslensk verðbréf hf., við réttindum og skyldum Íslenskra verðbréfa hf. og SIV eignastýringar hf. Félagið afsalaði sér starfsleyfi sínu sem verðbréfafyrirtæki en hélt starfsleyfi sínu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfðra sjóða. Jafnframt var samstæða Skaga hf. skilgreind sem fjármálasamsteypa á váttryggingasviði.

Samþykkt var yfirfærsla hluta váttryggingastofns TM trygginga hf. til Varðar trygginga hf. Þá sameinaðist Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga. Verðbréfafyrirtækið T Plús hf. fékk heimild til að sinna vörslu verðbréfasjóða.

Félögin Almenna lánafélagið hf., Alpar Capital ehf., Barbara ehf., Brunnur Ventures GP ehf. og Lifa Ventures ehf. voru skráð sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Jafnframt var Almenna lánafélagið hf. skráð sem

lánveitandi. Þá voru félögin Alpar Capital ehf., MGMT Venture Capital ehf., Spakur Finance sf. og Óðinn Capital ehf. afskráð sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Einnig var rafeyrissfyrirtækið Monerium ehf. skráð sem þjónustuveitandi sýndareigna.

Viðurlagamál

Á árinu 2025 lauk átta málum með sátt. Með sátt gengst málsaðili við brotum gegn ákvæðum laga, reglna eða ákvörðunum fjármálaeftirlitsins og upplýsir að fullu um brotið. Sátt getur jafnframt verið bundin skilyrðum um greiðslu sektar í ríkissjóð og aðgerðir í samræmi við úrbótakröfur.

Sektarfjárhæð nam 15,8 m.kr. í máli Fly Play hf., 9,5 og 22 m.kr. í tveimur málum Fossa fjárfestingarbanka hf., 20 m.kr. í máli Íslenskra verðbréfa hf. (áður ÍV sjóðir hf.), 30 m.kr. í máli Íslenskra verðbréfa hf., sem sameinaðist ÍV sjóðum hf. (nú Íslensk verðbréf hf.), 22 m.kr. í máli ACRO verðbréfa hf., 14 m.kr. í máli ALÍSU hf. og 24 m.kr. í máli A faktoring ehf.



Fjármálaeftirlitsnefnd eins og hún var skipuð í árslok 2025. Sitjandi frá vinstri eru Björk Sigurgísladóttir varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, formaður og Tómas Brynjólfsson varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika. Standandi frá vinstri eru Erna Hjaltested lögmaður, Gunnar Þór Pétursson, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, og Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, lektor við lagadeild Háskólans á Akureyri.

Önnur viðfangsefni



Gjaldeyrisforði

Hlutverk gjaldeyrisforða

Seðlabanki Íslands varðveitir gjaldeyrisforða og stýrir honum í samræmi við markmið og hlutverk bankans, samanber lög um Seðlabankann nr. 92/2019. Í gjaldeyrisforða eru erlendar gjaldeyriseignir bankans, þ.e. innstæður í erlendum bönkum, skuldabréf, sérstök dráttarréttindi og inneign hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, gull og aðrar erlendar eignir.

Hlutverk gjaldeyrisforða er fjórþætt: Í fyrsta lagi að draga úr áhrifum sveiflna í greiðsluöfnum landsins með hliðsjón af stefnu bankans í peninga- og gengismálum. Í öðru lagi að minnka líkur á að fjármagnshreyfingar til og frá landinu raski fjármálastöðugleika. Í þriðja lagi er forðinn þáttur í eigna- og skuldastýringu ríkissjóðs og Seðlabankans með það að markmiði að íslenska ríkið geti staðið skil á erlendum skuldum sínum, mætt erlendum útgjöldum og staðið við aðrar alþjóðlegar skuldbindingar. Í fjórða lagi er gjaldeyrisforði öryggisjóður sem hægt er að grípa til vegna áfalla.

Æskileg stærð gjaldeyrisforða ræðst hverju sinni meðal annars af erlendra skuldastöðu þjóðarbúsins, stefnu í peningamálum, uppbyggingu og stöðu fjármálakerfisins, umfangi utanríkisviðskipta og fjármagnsflæði til og frá landinu.


Þróun gjaldeyrisforða 2025

Í árslok 2025 nam gjaldeyrisforðinn um 968 ma.kr., jafnvirði 6,6 ma. evra, og stækkaði hann um 82 ma.kr. á árinu. Ávöxtun gjaldeyrisforða í erlendum gjaldeyri var jákvæð um 2,9% á árinu. Í maí gaf Ríkissjóður Íslands út erlent skuldabréf í evrum, samtals að fjárhæð 109 ma.kr. Samhliða útgáfunni keypti ríkissjóður hluta af

Mynd V-1


Gjaldeyrisforði

Janúar 2023 - desember 2025




Mynd V-2

Dreifing á eignum gjaldeyrisforða eftir gjaldmiðli og heimalandi útgefenda/mótaðila



Heimild: Seðlabanki Íslands.



eldri evruútgáfu sinni til baka, samtals fyrir um 29 ma.kr. Gjalddeyrisviðskipti Seðlabankans á millibankamarkaði með gjaldeyri juku gjalddeyrisforðann um 67,9 ma.kr. Skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs og gjalddeyriskaup Seðlabankans skýra stærstan hluta stækkunar forðans á árinu. Helsta lækkun gjalddeyrisforða á tímabilinu varð þegar ríkissjóður greiddi kröfuhöfum ÍL-sjóðs jafnvirði 55 ma.kr. í erlendum gjaldeyri og notaði til þess hluta af gjalddeyrisinnstæðu sinni í Seðlabankanum.

Í árslok nam gjalddeyrisforðinn um 121% af forðaviðmiði Alþjóðagjalddeyrisjóðsins, 20% af vergri landsframleiðslu ársins 2025, 30% af peningamagni og sparifé (M3) og samsvaraði innflutningi vöru og þjónustu í tæplega 6 mánuði.


Varðveisla

Starfsreglur um varðveislu gjalddeyrisforða eru settar með vísan til 3. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 30. gr. laga um Seðlabankann. Reglurnar eru settar af seðlabankastjóra og varaseðlabankastjórum. Í starfsreglunum er fjallað um helstu atriði varðandi varðveislu gjalddeyrisforða, m.a. um tilgang, skipulag, heimila fjárfestingu og ytri mörk ásættanlegrar áhættu.

Varðveisla gjalddeyrisforðans felur í sér að Seðlabankinn tekur áhættu sem þarf að stýra. Megináhættan snýr að því að bankinn verði ófær um að beita forðanum til að ná markmiðum sínum eða sinna hlutverki sínu sem seðlabanki. Gjalddeyrisáhætta er hins vegar sú áhætta sem hefur mest áhrif á efnahag bankans. Forðinn er í erlendum gjaldmiðlum en skuldir bankans að stórum hluta í íslenskum krónum. Því hafa gengisbreytingar mikil áhrif á tekjur og gjöld bankans og virði eigna og skulda reiknað í krónum. Krónuvirðið er hins vegar aukaatriði í samanburði við ofangreinda megináhættu og með hliðsjón af hlutverki forðans.

Erlend verðbréf námu um 80% af gjalddeyrisforðanum í árslok 2025. Innlán námu um 7,5% af forða en þau voru að mestu leyti í seðlabönkum. Gulleign bankans var óbreytt að magni til á milli ára. Virði hennar var

23 ma.kr. eða um 2,6% af forða í árslok 2024 en 65% hækkun gullverðs á árinu 2025 leiddi til þess að virði gulleignar bankans nam tæplega 35 ma.kr. í lok ársins, eða um 3,6% af forða. Gjalddeyrisjöfnuður bankans, þ.e. eignir bankans í erlendum gjaldeyri að frádrægnum skuldum í erlendum gjaldeyri, var jákvæður um 602 ma.kr. í lok árs 2025. Það samsvarar 4,1 ma. evra.




Lánshæfiseinkunn útgefenda þarf að vera að lágmarki AA til að verðbréfaútgáfur geti fallið í flokk mjög seljanlegra eigna. Við stýringu gjalddeyrisforða teljast mjög seljanlegar eignir vera ríkisskuldabréf í bandaríkjadöllum eða evrum sem gefin eru út í eigin gjaldmiðli viðkomandi ríkis, innstæður hjá seðlabönkum þessara ríkja eða Alþjóðagreiðslubankanum. Slíkar eignir voru 34% af gjalddeyrisforðanum í lok árs 2025. Á mynd V-2 má sjá skiptingu gjalddeyrisforðans í lok árs 2025 eftir löndum og gjaldmiðlum. Nánar er fjallað um stýringu fjárhagslegrar áhættu bankans í skýringum með ársreikningi.

Lánamál ríkissjóðs

Samningur um lánamál ríkissjóðs

Seðlabanki Íslands sér samkvæmt samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið um framkvæmd innlendra útboða, uppkaup og innlausn ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlarasamninga, umsjón með endurhverfum viðskiptum gagnvart aðalmiðlurum ásamt því að sjá um erlendar lántökur ríkissjóðs. Bankinn annast áhættu- og skuldastýringu og sinnir upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs. Í samningnum er kveðið á um að bankinn annist einnig verkefni tengd ríkisábyrgðum og endurlánum sem og að sjá um útgáfu skuldabréfa vegna endurlána ríkissjóðs.



Innlend lánamál




Í lok desember 2024 birti Seðlabankinn fyrir hönd ríkissjóðs ársáætlun um lánamál ríkissjóðs fyrir árið 2025. Samkvæmt áætluninni var stefnt að því að útgáfa ríkisbréfa myndi nema 180 ma.kr. að söluvirði á árinu. Það markmið náðist og fór öll salan fram í gegnum almenn útboð.

Í ársáætluninni kom jafnframt fram að fyrirhugað væri að gefa út einn nýjan óverðtryggðan ríkisbréfaflokk með gjalddaga 2038 sem og tvo verðtryggða flokka með gjalddaga 2029 og 2044. Í mars var áætluninni síðan breytt á þann veg að í stað verðtryggðs flokks með gjalddaga 2044 yrði gefinn út verðtryggður flokkur með gjalddaga 2050. Óverðtryggða flokknum RIKB 38 0215 var hleypt af stokkunum í febrúar og voru viðtökur góðar. Stóð flokkurinn í tæpum 49 ma.kr. í lok árs. Verðtryggðu flokkarnir RIKS 29 0917 og RIKS 50 0915 voru stofnaðir í tengslum við uppgjör ÍL-sjóðs sem fram fór í júní. Verðtryggði flokkurinn RIKS 29 0917 var boðinn fyrst út í júlí og stóð hann í rúmum 96 ma.kr. í lok árs. Verðtryggði flokkurinn RIKS 50 0915 var fyrst boðinn út í október og stóð í tæpum 41 ma.kr. í lok árs. Á árinu var ríkisbréfaflokkurinn RIKB 25 0612 á gjalddaga og nam útistandandi fjárhæð hans tæpum 68 ma.kr.

Mikil útgáfa nýrra ríkisskuldabréfa átti sér stað á árinu í tengslum við uppgjör ÍL-sjóðs. Eigendur HFF-bréfa fengu afhent ríkisskuldabréf fyrir tæplega 487 ma.kr. að nafnvirði og skiptist það þannig að tæpur 431 ma.kr. var í formi verðtryggðra bréfa og 56 ma.kr. voru óverðtryggð. Á móti lækkuðu ómarkaðshæfar innlendar skuldir ríkissjóðs og ríkisábyrgðir.

Til að minnka endurfjármögnunaráhættu ríkissjóðs voru haldin skiptiútboð þar sem ríkissjóður keypti til baka rúma 50 ma.kr. að nafnvirði í ríkisbréfaflokkunum RIKB 25 0612 og RIKS 26 0216.

Verðbólguálag lækkaði á árinu um 0,2 prósentur til 7 og 11 ára. Þar sem verðtryggðir vextir lækkuðu aðeins til skamms tíma og stóðu í stað til lengri tíma



lækkaði verðbólguálagið einna helst í gegnum lækkaði kröfu á óverðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs.

Erlend lánamál

Skuldir ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli námu tæpum 409 ma.kr. í árslok 2025 og höfðu aukist um tæplega 80 ma.kr. á árinu. Aukningin kom til vegna útgáfu á 750 milljón evra skuldabréfi í maí með gjalddaga árið 2030 sem gefið var út samhliða uppkaupum á markaðsskuldabréfi sem gefið var út árið 2020 og er með gjalddaga í júní 2026. Upphafleg fjárhæð bréfsins nam 500 milljónum evra en eftir uppkaupin er útistandandi fjárhæð 296 milljónir. Samkvæmt *Stefnu í lánamálum ríkisins 2025-2029* eru lán ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum fyrst og fremst tekin til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans, til að endurfjármagna útistandandi markaðsútgáfur og til að viðhalda aðgengi að erlendum mörkuðum.

Ríkisábyrgðir

Seðlabanki Íslands annast verkefni sem tengjast ríkisábyrgðum, Ríkisábyrgðasjóði og endurlánum ríkissjóðs. Ríkisábyrgðasjóður hefur umsjón með veittum ríkisábyrgðum, fylgist með rekstri þeirra aðila sem njóta slíkra ábyrgða og heldur skrá yfir skuldbindingar sem þeim tengjast. Verulega hefur dregið úr útistandandi ríkisábyrgðum á undanförunum árum í samræmi við stefnu ríkisins í málaflokknum. Í árslok 2025 námu ríkisábyrgðir alls rúmunum 106 ma.kr., samanborið við 736 ma.kr. í árslok 2024. Þessa miklu lækkun má nær alfarið rekja til uppgjors og slita ÍL-sjóðs.

Endurlán ríkissjóðs eru lán sem ríkissjóður veitir af lánsfé sínu til ríkisaðila utan A1-hlutans. Í árslok 2025 námu endurlán 234 ma.kr. samanborið við 127 ma.kr. í árslok 2024. Aukninguna á milli ára má einkum rekja til uppgjors og slita ÍL-sjóðs en í lok árs 2025 fluttust skuldabréf, sem gefin voru út í júlí 2022, með eftirstöðvar að fjárhæð 109 ma.kr. yfir í flokk endurlána. Ef leiðrétt er fyrir þessum flutningi og móttæknum fyrirframgreiðslum jukust endurlán um 28 ma.kr. á árinu eða um 22%.

Alþjóðleg samskipti


Seðlabanki Íslands hefur fagleg og fjárhagsleg samskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu auk þess að eiga samstarf við fjölmarga seðlabanka, einkum í Evrópu.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Seðlabanki Íslands annast samskipti við og er fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir hönd

Mynd V-9


Endurgreiðsluferill skulda ríkissjóðs



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-10


Þróun skulda ríkissjóðs



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-11

Skuldir ríkissjóðs og ríkisábyrgðir



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Íslenska ríkisins. Sendinefnd frá sjóðnum átti í apríl og maí reglubundnar viðræður við íslensk stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila um stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum. Árleg skýrsla sjóðsins um Ísland var gefin út í júní. Allar skýrslur sjóðsins um Ísland eru birtar á heimasíðum hans og Seðlabankans.

Fjármálaeftirlit Seðlabankans nýtur ráðgjafar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins varðandi tiltekna þætti í tengslum við eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Ísland starfar með Norður- og Eystrasaltslöndunum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar svonefnt kjördæmi með þeim. Sameiginlega kjósa þessi lönd einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 25 fastafulltrúar. Fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórninni árið 2025 var Vitas Vasiliauskas frá Litháen. Skrifstofa kjördæmisins í sjóðnum tekur árlega saman greinargerð um þau mál sem hæst ber í starfi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar á árinu og afstöðu kjördæmisins til þeirra. Greinargerðirnar eru birtar m.a. á heimasíðu Seðlabankans.

Fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (International Monetary and Financial Committee) hélt að venju tvo fundi á árinu. Seðlabankastjóri er fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Board of Governors) sem kemur saman á ársfundi sjóðsins.

Alþjóðagreiðslubankinn

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss (Bank for International Settlements, BIS) og tekur þátt í ýmsu samstarfi á vettvangi hans. Alþjóðagreiðslubankinn er vettvangur alþjóðlegs samstarfs seðlabanka og fjármálaeftirlita auk þess að vera rannsóknarsetur og banki fyrir seðlabanka heimsins. Seðlabankastjóri tók á árinu þátt í reglulegum fundum seðlabankastjóra sem haldnir eru annan hvern mánuð á vegum BIS, auk ársfundar bankans.

Seðlabanki Íslands tekur þátt í starfi Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar sem Alþjóðagreiðslubankinn stofnaði árið 2021 í samstarfi við seðlabankana á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð og Danmörku (BIS Innovation Hub Nordic Centre). Miðstöðin er staðsett í Stokkhólmi og leggur Seðlabanki Íslands henni til starfsmann. Norræna miðstöðin hefur það hlutverk að vera vettvangur fyrir nýsköpun í fjártækni, rannsóknir á straumum og stefnum í fjártækni sem hafa þýðingu fyrir starfsemi seðlabanka, auk þess að efla alþjóðlegt samstarf sem miðar að því að bæta virkni alþjóðlega fjármálakerfisins.

Efnahags- og framfarastofnunin

Seðlabanki Íslands tekur þátt í starfi á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Sérfræðingar OECD koma auk þess á um það bil tveggja ára fresti til Íslands til að kynna sér framvindu efnahagsmála og gefa út skýrslu um mat stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum og horfum á Íslandi, en sú síðasta kom út í júní 2025.

Network for Greening the Financial System

Seðlabanki Íslands er aðili að samtökunum Network for Greening the Financial System (NGFS) og tekur virkan þátt í starfi þeirra. Þetta eru samtök seðlabanka og fjármálaeftirlita víðs vegar um heim sem hafa lýst vilja sínum til og ásetningi um að starfa saman að því að stuðla að og þróa bestu framkvæmd áhættustýringar í fjármálageiranum í tengslum við loftslags- og umhverfismál og stuðla að sjálfbærri og umhverfisvænni fjárfestingu. Sjá nánari umfjöllun í kafla VII.

Samstarf í tengslum við fjármálaeftirlit

Seðlabanki Íslands er þátttakandi í starfi Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar (EBA), Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (EIOPA) og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA). Seðlabankinn hefur þar sömu réttindi og skyldur og eftirlitsstjórnvöld ríkja Evrópusambandsins að undanskildum atkvæðisrétti. Þátttaka í eftirlitsstjórn (e. Board of Supervisors), fastanefndum og vinnuhópum evrópsku eftirlitsstofnananna gerir bankanum kleift að fylgjast vel með breytingum á Evrópulöggjöf á fjármálamarkaði og taka þátt í þróun hennar. Þá styrkir hún innleiðingu nýrrar Evrópulöggjafar hér á landi og tryggir samræmda framkvæmd Evrópulöggjafar á fjármálamarkaði á Evrópska efnahagssvæðinu. Auk þess tóku fulltrúar Seðlabankans þátt í starfi Eftirlitsstofnunar á sviði aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (AMLA) sem áheyrnaraðilar. Markmið stofnunarinnar er að samhæfa og auka skilvirkni eftirlits með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka innan Evrópusambandsins. Enn fremur tekur Seðlabankinn þátt í alþjóðasamstarfi í tengslum við aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka með því að sækja fundi hjá Financial Action Task Force (FATF), alþjóðlegum fjármálaaðgerðahópi ríkja um slíkar aðgerðir.

Seðlabankinn tekur þátt í vinnuhópum fjármálaeftirlita Norður- og Eystrasaltslanda um lausafjármál, greiðsluþjónustu og aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Jafnframt tekur Seðlabankinn þátt í starfi norræns samstarfshóps eftirlitsstjórnvalda sem starfræktur

er til að samræma eftirlit með kauphöllum Nasdaq á Norðurlöndunum. Helsta hlutverk hópsins er að meta og hafa eftirlit með helstu áhættuþáttum í rekstri kauphallanna ásamt því að framkvæma sértækar athuganir. Auk þess tekur Seðlabankinn þátt í eftirlitsnefnd (e. College of Supervisors), ásamt fulltrúum lögbærra yfirvalda í Eyrstrasaltsríkjunum, sem fjallar um starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar Nasdaq CSD.

Samstarf í tengslum við fjármálastöðugleika

Seðlabankinn tekur þátt í starfi Evrópska kerfis-áhætturáðsins (ESRB) og hefur þannig aðgang að sam-evrópskum greiningum á kerfisáhættu. Um er að ræða samstarfsvettvang sem er ætlað að efla samvinnu í EES-ríkjunum varðandi greiningu á kerfisáhættu og beitingu á þjóðhagsvarúðartækjum til að varðveita fjármálastöðugleika. Seðlabankastjóri sækir fundi kerfis-áhætturáðsins sem áheyrnarfulltrúi.

Seðlabankinn á aðild að samstarfsvettvangi um samhæfingu viðbragða við netöryggisatvikum í fjármálageiranum (European Union Systemic Cyber Incident Coordination Framework, EU-SCICF). Stofnað var til vettvangsins að tillögu Evrópska kerfisáhætturáðsins. EU-SCICF er ætlað að efla samskipti og deila upplýsingum um alvarleg netöryggisatvik og samræma viðbrögð við alvarlegum atvikum í EES-ríkjunum sem geta verið til þess fallin að valda kerfisáhættu og vera ógn við fjármálastöðugleika.

Seðlabankinn tekur þátt í samstarfi á vegum Alþjóðlega fjármálastöðugleikaráðsins (Financial Stability Board, FSB) sem er helsti samhæfingarvettvangur á sviði fjármálastöðugleika í heiminum.

Seðlabankinn tekur jafnframt virkan þátt í samstarfi Norðurlanda og Eyrstrasaltslanda, m.a. á sviði kerfisáhættu, þar sem skipst er á upplýsingum um þróun kerfisáhættu og beitingu þjóðhagsvarúðartækja (Nordic Baltic Macroprudential Forum).

Í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið tekur bankinn þátt í Nordic Baltic Stability Group sem hefur það hlutverk að samhæfa viðbrögð við fjármálaáfalli sem snertir fleiri en eitt ríki og sinna upplýsingagjöf milli stofnana ríkjanna á sviði fjármálastöðugleika.

Þá er Seðlabankinn aðili að Nordic Financial CERT (NF-CERT) sem hefur það að markmiði að efla netöryggisviðnámsþrótt meðal þátttakenda og veita þeim aðstoð við að verjast glæpastarfsemi á netinu.

TIBER-netöryggishópur (TIBER-IS) í bankanum tekur virkan þátt í starfi á vegum Seðlabanka Evrópu sem nefnist TIBER Knowledge Center (TKC). Virkt samstarf er innan TKC um þróun TIBER-aðferðafræðinnar.

TIBER-IS tekur einnig virkan þátt í samstarfi norrænu TIBER-netöryggishópanna (TIBER Cyber Team).

Reiðufé

Í árslok 2025 var útgefið reiðufé Seðlabanka Íslands 69,5 ma.kr. (70,9 ma.kr. 2024). Þar af voru útgefnir seðlar 64,6, ma.kr. (66,2 ma.kr. 2024) og útgefin mynt 4,8 ma.kr. (4,7 ma.kr. 2024). Útgefið reiðufé Seðlabankans er hluti af skuldahlið efnahagsreiknings bankans. Í töflu 3 í töfluviðauka má sjá hvernig þessi stærð skiptist eftir seðla- og myntstærðum.

Yfirlitt er átt við reiðufé utan Seðlabanka og innlánsstofnana þegar talað er um reiðufé í umferð. Munurinn á þeirri tölu og samtölu töflu 3 í töfluviðauka er svokallaður nætursjóður innlánsstofnana, sem samanstendur af því reiðufé sem er á eignahlið efnahagsreiknings innlánsstofnana í lok viðskiptadags. Í lok árs 2025 var nætursjóður innlánsstofnana 7,3 ma.kr. (7,5 ma.kr. 2024). Því var reiðufé í umferð utan Seðlabanka og innlánsstofnana (hjá almenningi, fyrirtækjum o.s.frv.) 62,2 ma.kr. (63,4 ma.kr. 2024) og hafði minnkað á árinu um 1,2 ma.kr. eða um 1,9%.

Á árinu 2025 eyddi Seðlabankinn 2 milljónum seðla sem töldust ónothæfir, en á árinu 2024 var 1,9 milljónum seðla eytt og 1,4 milljónum seðla árið 2023.

Í lok ársins 2025 voru 18,3 milljónir seðla útgefnir af bankanum (18,4 milljónir seðla 2024).

Menningarstyrkur tengdur nafni Jóhannesar Nordals

Fjórtaða úthlutun úr menningarsjóði sem tengdur er nafni Jóhannesar Nordals fyrrverandi seðlabankastjóra fór fram 4. júní 2025. Alls bárust 26 umsóknir og hlutu fimm verkefni styrk upp á samtals fimm milljónir króna.

Minjasafn Austurlands hlaut 1,5 milljónir króna í styrk til verkefnisins *Skissur Kjarvals – forvarsla*. Styrkinn hlaut safnið til að sinna forvörslu á verkum Jóhannesar S. Kjarvals sem sýnd eru á sýningunni *Undir berum himni* sem Listasafn Akureyrar heldur í samstarfi við Minjasafn Austurlands.

Hið íslenska bókmenntafélag og Eggert Pálsson hlutu 1,3 milljónir króna í styrk til verkefnisins *Þorlákstíðir*. Um er að ræða útgáfu á uppritun Eggerts Pálssonar af tónmáli latneska helgisöngsins *Þorlákstíða* sem varðveist hefur í handriti frá 14. öld. Tíðasöngurinn er kenndur við Þorlák biskup helga, Skálholtsbiskup.

Linn Janssen myndhöfundur hlaut 1,2 milljónir króna í styrk til verkefnisins *Fram í dagsljósið. Konur í gamla daga*. Styrkinn hlaut hún til að myndlýsa barnabók sem mun upplýsa unga lesendur um mikilvægt hlutverk íslenskra kvenna á fyrri öldum. Tímabilið er frá miðöldum og fram á síðari helming 19. aldar.

Erla Dóris Halldórsdóttir hlaut hálfa milljón króna í styrk til verkefnisins *Berklar á Íslandi*. Verkefnið snýr að því að rannsaka berklaveiki á Íslandi og kynna niðurstöðuna í bók. Um er að ræða fyrsta heildarrit á íslensku um þennan sjúkdóm sem hjó skörð í margar fjölskyldur á Íslandi.

Jón Kristinn Einarsson hlaut hálfa milljón króna í styrk til verkefnisins *Hlaðvarp um Íslandssöguna*. Verkefnið felst í gerð tuttugu hlaðvarpsþátta þar sem farið er í gegnum Íslandssöguna, öld fyrir öld. Meðal annars verður fjallað um landnám Íslands, Sturlungaöld, og siðaskiptin.

Stjórn og skipulag



Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar

Ásgeir Jónsson gegndi embætti seðlabankastjóra á árinu. Seðlabankastjóri stýrir og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru falin öðrum með lögum.

Pórarinn G. Pétursson var varaseðlabankastjóri peningastefnu á árinu, en hann var skipaður í upphafi ársins í stað Rannveigar Sigurðardóttur sem lét af störfum við áramót. Björk Sigurgísladóttir var varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits og Tómas Brynjólfsson var varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika. Varaseðlabankastjórar leiða málefni bankans hver á sínu sviði undir yfirstjórn seðlabankastjóra.

Seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar taka sameiginlega ákvarðanir um varðveislu gjaldeyrisforða og veitingu ábyrgða eða lána til lánastofnana í lausafjáranda á fundi sem seðlabankastjóri boðar til, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019. Á sama hátt eru teknar ákvarðanir um setningu reglna um verndunarráðstafanir við sérstakar aðstæður og bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris á grundvelli laga um gjaldeyrismál, ákvarðanir um setningu reglna um starfsemi skipulegra gjaldeyrismarkaða og um skipulag og setningu reglna um starfsemi bankans.

Bankaráð

Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Að

öðru leyti sinnir bankaráð sérstaklega verkefnum sem nánar eru tilgreind í 8. gr. laga um bankann.

Nýtt bankaráð tók til starfa á árinu, en nýtt ráð er kosið af Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Í árslok 2025 var bankaráð þannig skipað að formaður var Bolli Héðinsson. Aðrir aðalfulltrúar voru Guðrún Johnsen, Gylfi Zoega, Oddný Árnadóttir, Birgir Ármannsson, Ólafur Ísleifsson og Arnar Bjarnason. Varafulltrúar voru Freyja Vilborg Pórarinsdóttir, Katrín Ólafsdóttir, Katrín Viktoría Leiva, Teitur Björn Einarsson, Bessí Þóra Jónsdóttir, Aðalheiður Sigursveinsdóttir og Gunnar Axel Axelsson.

Bankaráð hefur umsjón með innri endurskoðun í bankanum og ræður innri endurskoðanda, sbr. d-lið 1. mgr. 8. gr. laga um bankann.

Bankaráð hélt 14 fundi á árinu.

Nefndir bankans

Peningastefnunefnd

Peningastefnunefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum og skulu þær grundvallast á markmiði um stöðugt verðlag og byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahagsmálum. Nefndin tekur ákvarðanir um vexti til að framfylgja peningastefnu bankans. Einnig tekur nefndin ákvarðanir um viðskipti við lánastofnanir önnur en lán til þrautavara. Þá tekur nefndin ákvarðanir um bindiskyldu, viðskipti á gjaldeyrismarkaði og viðskipti með verðbréf sem ætlað er að stuðla að því að markmiðum bankans um stöðugt verðlag verði náð.

Peningastefnunefnd var í árslok skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinn-

ar, Þórarni G. Péturssyni, varaseðlabankastjóra peningastefnu og staðgengli formanns, Tómasi Brynjólfssyni varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Herdísí Steingrímsdóttur, dósent við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn og Ásgerði Ósk Pétursdóttur, lektor við Háskólann í Bath á Englandi.

Fjármálastöðugleikanefnd

Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans varðandi fjármálastöðugleika. Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar skulu grundvallast á lögum og byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í fjármálakerfinu. Verkefni nefndarinnar eru að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, fjalla um og skilgreina þær aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar á hverjum tíma til að hafa áhrif á fjármálakerfið í þeim tilgangi að efla og varðveita fjármálastöðugleika og beina í því skyni ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til, samþykkja stjórnvaldsfyrirmæli og taka þær ákvarðanir sem nefndinni er falið að taka með lögum og ákveða hvaða eftirlitsskyldir aðilar, innviðir og markaðir skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.

Fjármálastöðugleikanefnd var í upphafi árs skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinnar, Tómasi Brynjólfssyni, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og staðgengli formanns, Þórarni G. Péturssyni varaseðlabankastjóra peningastefnu, Björk Sigurgísladóttur varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, Axel Hall, lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskólans í Reykjavík, Bryndísí Ásbjarnardóttur, aðjúnt við viðskiptadeild Háskólans á Bifröst og Guðmundi Kristjáni Tómassyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálainnviða hjá Seðlabanka Íslands. Í mars skipaði fjármála- og efnahagsráðherra Arnald Sölva Kristjánsson, lektor við hagfræðideild Háskóla Íslands, í nefndina í stað Guðmundar Kristjáns Tómassonar sem setið hafði í nefndinni í fimm ár. Ráðuneytisstjóri, eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika, nú fjármála- og efnahagsráðuneyti, á enn fremur sæti á fundum nefndarinnar með málfrælsi og tillögurétti.

Fjármálaeftirlitsnefnd

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabankans tekur þær ákvarðanir sem taldar eru upp í 1. mgr. 15. gr. laga um Seðlabanka Íslands, m.a. um álagningu stjórnvaldssekta, dagsekta til að knýja á um úrbætur, kæru til lögreglu vegna meintra brota, afturköllun starfsleyfis vegna

alvarlegra eða ítrekaðra brota og frávíkningu stjórnarmanns og framkvæmdastjóra vegna brotlegar háttsemi. Þá setur nefndin stefnu um beitingu stjórnsýsluviðurlaga og þvingunarúrræða og skal veita umsögn um stefnumarkandi áherslur í fjármálaeftirliti. Nefndin var í lok árs skipuð Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra, sem er formaður nefndarinnar, Björk Sigurgísladóttur varaseðlabankastjóra fjármálaeftirlits, Tómasi Brynjólfssyni varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, Gunnari Þór Péturssyni, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Ragnheiði Elvu Þorsteinssdóttur, lektor við lagadeild Háskólans á Akureyri, sem skipuð var í nefndina frá og með 1. janúar 2025 í stað Ástu Þórarinsdóttur hagfræðings sem setið hafði í nefndinni í fimm ár og Ernu Hjaltsted, yfirlögfræðingi hjá Isavia ohf.

Skipulag

Í lok árs 2025 voru starfsmenn Seðlabanka Íslands 302 í 299,7 stöðugildum. Framkvæmdastjórar bankans voru 11 og í hópi aðstoðarframkvæmdastjóra og forstöðumanna voru alls 26 starfsmenn (sjá nánar í kafla um sjálfbærni). Háskólamenntað starfsfólk var 90% af heildarfjölda starfsfólks í árslok. Á árinu var 31 nýráðning en 36 létu af störfum. Sumarstarfsmenn á árinu 2025 voru 20 talsins.

Hjá Greiðsluveitunni ehf., félagi í eigu Seðlabankans, voru þrír starfsmenn í lok árs.

Kjarnasvið bankans voru fimm á árinu, þ.e. hagfræði og peningastefna, markaðsviðskipti, fjármálastöðugleiki, háttsemiseftirlit og varúðareftirlit. Stoðsvið bankans voru þrjú, þ.e. fjármál og rekstur, gögn og umbætur og upplýsingatækni. Auk þessa voru miðlæg svið skrifstofu bankastjóra og mannauðs og menningar. Framkvæmdastjórar stýra hverju sviði fyrir sig. Hér á eftir verður nánar greint frá verkefnum sviða samkvæmt skipulagi bankans í árslok.

Verkefni sviða

Skrifstofa bankastjóra hefur yfirsýn yfir verkefni Seðlabankans og hefur umsjón með og veitir aðstoð við stefnumótun og sameiginleg mál bankans. Skrifstofan ber ábyrgð á innleiðingu reglna, stefnu og stjórnkerfi bankans. Skrifstofan styður við starfsemi Seðlabankans í heild sinni með ráðgjöf, samhæfingu og þjónustu við bankastjóra, varaseðlabankastjóra, fastanefndir, bankaráð og við einstök svið og deildir bankans, meðal annars með lögfræðiþjónustu, stefnumótun, verkefnastjórnun, skjalastjórnun, upplýsingamiðlun, vinnu að sjálfbærni, áhættustýringu og gæðastjórnun. Þá

sinnir skrifstofan samskiptum við innlent stjórnkerfi, eftirfylgni og afgreiðslu erinda, umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, auk ritstjórnar ársskýrslu, ritsins *Fjármálaeftirlit*, sérrits um greiðslujöfnuð, *Economy of Iceland*, sem og umsjón með útgáfu *Kalkofnsins*, vefritinu *Vettvangur*, heimasíðu og samfélagsmiðlum bankans. Skrifstofan sinnir einnig alþjóðlegu samstarfi, svo sem samskiptum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Mannauður og menning ber ábyrgð á stefnu-mótun í mannauðsmálum og stuðningi við mannauðs-stefnu bankans. Markmið mannauðs og menningar er að tryggja samræmda framkvæmd mannauðsmála og veita stjórnendum og öðru starfsfólki faglegan stuðning til að byggja upp traust, fagmennsku, þekkingu og framsækni á vinnustaðnum. Helstu verkefni mannauðs og menningar eru að halda utan um nýráðningar, starfslok, fræðslumál, starfsþróun, vinnustaðagreiningar og aðrar greiningar, endurgjafarsamtöl, launaákvæðanir, vellíðan starfsfólks og jafnréttismál.

Hagfræði og peningastefna annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í mótun stefnu í gengis- og peningamálum, greinir þróun í efnahags- og peningamálum bæði innanlands og erlendis, þ.m.t. þjóðhagslega þætti fjármálastöðugleika og hefur umsjón með útgáfu *Peningamála* og *Working Papers*. Sviðið hefur einnig umsjón með ýmsum verkefnum í tengslum við störf peningastefnunefndar bankans.

Markaðsviðskipti hafa umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og annast viðskipti bankans við innlendar og erlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um stýringu á efnahagsreikningi bankans, vörslu og ávöxtun gjaldeyrisforðans ásamt umsjón með lánamálum ríkissjóðs, Ríkisábyrgðasjóði og endurlánum ríkissjóðs. Sviðið sér einnig um þau samskipti við erlendar fjármálastofnanir sem snúa að viðskiptum Seðlabankans og ríkissjóðs. Sviðið heldur utan um verðbréfaeign bankans og sinnir greiðslum vegna verðbréfaviðskipta og greiðslum tengdum lántökum og skiptasamningum. Þá annast sviðið erlenda greiðslumiðlun með SWIFT-kerfi bankans fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Enn fremur hefur sviðið með höndum heildstætt eftirlit með fjárhagsáhættu á efnahagsreikningi Seðlabankans.

Fjármálastöðugleiki annast greiningu á áhættu í fjármálakerfinu, eftirlit með gjaldeyrisjöfnuði lánastofnana og tekur þátt í mótun þjóðhagsvarúðarreglna fyrir fjármálakerfið. Þá annast sviðið eftirlit samkvæmt lögum um gjaldeyrisbólga. Sviðið fylgist með stöðu lánastofnana, heimila og fyrirtækja, gjald-

eyrisflæði til og frá landinu og ytri stöðu þjóðarbúsins. Fjármálastöðugleikasvið hefur yfirsýn yfir rekstrarumgjörð innviða greiðslumiðlunar sem geta haft áhrif á fjármálastöðugleika. Sviðið hefur umsjón með netárásaprófunum fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru mikilvæg fyrir íslenskt fjármálakerfi. Skrifstofa skilavalds er staðsett á fjármálastöðugleikasviði. Sviðið hefur umsjón með útgáfu ritsins *Fjármálastöðugleiki* og sinnir ýmsum verkefnum í tengslum við störf fjármálastöðugleikanefndar bankans.

Varúðareftirlit annast fjárhagslegt eftirlit og eftirlit með áhættuþáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Með því er stuðlað að betri yfirsýn yfir starfsemi eftirlitsskyldra aðila og markvissu og skilvirku eftirliti með samstæðum á fjármálamarkaði. Hlutverk sviðsins er að hafa varúðareftirlit með starfsemi fyrirtækja á fjármála- og váttryggingamarkaði og starfsemi lífeyrissjóða. Meginverkefni sviðsins eru könnunar- og matsferli fjármála-fyrirtækja, en í því felst m.a. mat á viðskiptalíkani, stjórnarháttum, eiginfjár- og lausafjárþörf, yfirferð á viðskiptaáætlunum og endurbótaáætlunum, greining og mat á fjölmörgum áhættuþáttum í rekstri eftirlitsskyldra aðila og samskipti við stjórnir og helstu stjórnendur eftirlitsskyldra aðila og endurskoðendur þeirra. Þá hefur sviðið eftirlit með því að starfshættir eftirlitsskyldra aðila séu í samræmi við þær réttarreglur sem í gildi eru og að starfsleyfissskilyrði séu jafnan uppfyllt. Sviðið tekur einnig þátt í mati á kerfisáhættu í samvinnu við fjármálastöðugleikasvið.

Háttsemiseftirlit samanstendur af lagalegu eftirliti, sem veitir eftirlitssérfræðingum á sviði varúðareftirlits lögfræðiráðgjöf, annast mat á hæfi framkvæmda-stjóra, stjórnarmanna og virkra eigenda eftirlitsskyldra aðila, veitingu starfsleyfa og afturköllun þeirra, sinnir viðurlagabeitingu og viðhefur eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá er á sviðinu verðbréfamarkaðseftirlit sem hefur eftirlit með kauphöllum og verðbréfamiðstöðvum, upplýsingagjöf útgefenda fjármálagreininga, markaðssvikum, afleiðuviðskiptum, skortstöðum, fjárhagslegum viðmiðunum og viðskiptum á verðbréfamarkaði. Einnig er á sviðinu viðskiptaháttaeftirlit sem hefur eftirlit með fjárfesta- og neytendavernd, viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila þvert á markaði og sinnir upplýsinga- og leiðbeiningarþjónustu til neytenda og fjárfesta. Að auki framkvæmir sviðið í nánú samstarfi við svið varúðar-eftirlits vettvangsathugunarir og aðrar sértækar athugunarir á starfstöðvum eftirlitsskyldra aðila en markmið þeirra er meðal annars að fylgja eftir niðurstöðum áhættumats og greina með ítarlegum hætti tiltekna áhættu í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Sértækum athugunum

er jafnframt ætlað að kanna hvort eftirlitsskyldir aðilar uppfylli lagaskyldur sem gilda um starfsemi þeirra, svo sem með því að meta fyrirkomulag stjórnarháttanna, innri eftirlitskerfi og almennar skipulagskröfur, svo fátt eitt sé nefnt.

Fjármál og rekstur er svið sem sinnir verkefnum við innri rekstur og þjónustu Seðlabankans. Meðal verkefna er að annast rekstur og umsýslu eigna bankans, sjá um og bera ábyrgð á tilteknum öryggismálum hans, annast innkaup fyrir bankann, fara með kostnaðar- og útgjaldaeftirlit, þ.m.t. gerð rekstraráætlana og annast matar- og veitingaþjónustu. Jafnframt hefur sviðið umsjón með fjárhagsupplýsingum, þ.m.t. gerð ársreiknings bankans og félags í eigu hans. Sviðið annast skráningu, úrvinnslu og miðlun upplýsinga í samræmi við settar reikningsskilareglur og launavinnslu fyrir bankann. Þá annast sviðið umsýslu seðla og myntar og rekstur fjárhirslna.

Upplýsingatækni er stoðsvið sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á framþróun, uppbyggingu og rekstri tölvu- og upplýsingatæknikerfa Seðlabankans. Sviðið annast högun og rekstur tæknilegra kjarnainnvíða bankans, þar á meðal öryggislausna og hefur umsjón með viðbragðs- og endurheimtaráætlunum til að tryggja rekstrarsamfellu. Þá ber sviðið ábyrgð á rekstri og framþróun helstu viðskiptalausna bankans, eins og millibankagreiðslukerfis og annarra lykilkerfa, auk gagnainnvíða, þar á meðal gagnaskilakerfa, gagnavörðhúsa og annarra hugbúnaðarlausna. Einnig er miðlæg aðgangsstjórnun á ábyrgð upplýsingatækni sem veitir jafnframt tæknilega þjónustu við endabúnað og notendur. Öryggisstjóri Seðlabankans starfar á upplýsingatæknisviði og hefur yfirumsjón með öryggismálum bankans. Í því felst m.a. að móta öryggisstefnu, hafa eftirlit með að henni sé fylgt og tryggja fræðslu starfsfólks og annarra hagsmunaaðila um upplýsingatækniöryggi.

Sviðið *gögn og umbætur* annast skipulega öflun, skráningu og úrvinnslu ýmissa hag- og fjármálagagna sem Seðlabankinn safnar í samræmi við lögbundið hlutverk sitt. Upplýsingar þessar leggja grunn að greiningum og mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála, stöðugleika fjármálakerfisins og eftirlits með því. Auk þess sér sviðið um opinbera birtingu tölulegra gagna á vef bankans. Sviðið ber jafnframt ábyrgð á verkefnastýringu og samhæfingu umbóta-kerfna þvert á starfsemi bankans. Það tryggir markvissa forgangsroðun, eftirfylgni og framgang verkefna í samræmi við stefnu og lögbundnar skyldur bankans.

Innri endurskoðandi starfar undir umsjón banka-ráðs og er ábyrgur gagnvart því. Tilgangur innri

endurskoðunar er að styrkja getu Seðlabankans til að skapa, vernda og viðhalda virði með því að veita bankaráði, seðlabankastjóra, varaseðlabankastjórum og öðrum stjórnendum bankans óháða, áhættumiðaða og hlutlæga staðfestingu, ráðgjöf og innsýn og stuðla að framsýni. Innri endurskoðun metur með kerfisbundnum, öguðum og áhættumiðuðum hætti árangur og skilvirkni stjórnarháttanna, áhættustýringar og innra eftirlits og stuðlar þannig að því að bankinn nái þeim markmiðum sem honum eru sett. Innri endurskoðun nær þessu fram með áhættumiðaðri endurskoðunar-áætlun sem tekur mið af stefnu, markmiðum og áhættu Seðlabankans og forgangsraðar þannig verkefnum sviðsins til samræmis við meginmarkmið bankans.

Innra eftirlit og áhættustýring

Starfsemi Seðlabanka Íslands fylgir margvísleg fjárhags- og rekstraráhætta sem gæti gert bankanum erfitt um vik eða jafnvel hindrað hann í að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum með fullnægjandi hætti. Því er mikilvægt fyrir bankann að skilgreina áhættu sem steðjar að honum, auka skilning á henni, öðlast yfirsýn yfir hana og stýra henni eða lágmarka.


Áhættustefna Seðlabankans miðar að því að tryggja skýra stjórnarhætti, virka ferla og vandaðar greiningar í starfsemi bankans og stuðla að samræmdri og markvissri nálgun við mat og meðhöndlun áhættuþátta. Stefnan styður við upplýsta ákvarðanatöku, eflir yfirsýn yfir helstu áhættuþætti og styrkir viðnámsprótt bankans gagnvart óvæntum atburðum.

Umgjörð innra eftirlits og áhættustýringar tekur mið af þriggja línu líkaninu, eftir því sem við á um starfsemi seðlabanka. Í fyrstu línu bera framkvæmdastjórar ábyrgð á að greina og stýra áhættu í eigin starfsemi og viðhalda virku innra eftirliti, í annarri línu eru sjálfstæðir áhættusérfræðingar sem hafa yfirsýn yfir og veita ráðgjöf um umgjörð og framkvæmd áhættustýringar. Þriðju línu skipar innri endurskoðun, sem starfar í umboði bankaráðs og veitir kerfisbundið, óháð og hlutlægt mat á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarháttanna bankans. Innri endurskoðun starfar samkvæmt áhættumiðaðri áætlun sem bankaráð staðfestir (sjá mynd VI-1).

Breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi áhættustýringar bankans á árinu. Deild áhættustýringar á skrifstofu bankastjóra var lögð niður og verkefni áhættustýringar tengd eftirliti með rekstraráhættu og heildarumgjörð viðbragðsáætlana færð til innan skrifstofunnar samhliða færslu á eftirliti með umgjörð stjórnarháttanna. Verkefni tengd eftirliti með fjárhagsáhættu voru sameinuð á sviði markaðsviðskipta, jafn-

framt var staða öryggisstjóra færð á svið upplýsingatækni. Áhættusérfræðingar, sem mynda aðra línu innra eftirlits, eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir hafa óhindraðan aðgang að áhætturáði og skila árlega skýrslum um framkvæmd innra eftirlits til ráðsins.

Samhliða breyttu fyrirkomulagi áhættustýringar var rekstraráhætturáð og fjárhagsáhætturáð sameinað í eitt ráð, áhætturáð, sem skipað er seðlabankastjóra og varaseðlabankastjórum bankans. Áhætturáð ber ábyrgð á heildarumgjörð áhættustýringar bankans og hefur yfirsýn yfir fjárhags- og rekstraráhættu sem og rekstrarsamfellu. Ráðið hefur eftirlit með að áhætta á efnahagsreikningi bankans samræmist skilgreindum áhættuvilja bankans og styðji við getu hans til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Ráðið ákveður mörk heildaráhættu í gjaldeyrisforða, veitir ráðgjöf um aðgerðir til að draga úr áhættu og efla viðnámsþrótt efnahagsreikningsins og fylgist jafnframt með stjórnkerfi rekstraráhættu og að til staðar séu uppfærðar og virkar viðbragðsáætlanir fyrir samfelldan rekstur bankans.



Fjárhagsáhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tjóni og neikvæðum áhrifum þess á efnahagsreikning bankans. Helstu flokkar fjárhagsáhættu eru: markaðs-, lausafjár- og kröfuáhætta og efnahagsleg áhætta. Markaðsáhætta stafar einkum af gjaldeyris- og vaxtaáhættu vegna endurmits verðbréfa í eigu bankans og vaxtamisvægis milli eigna og skulda. Breytingar á gengi og ávöxtunarkröfu á markaði hafa bein áhrif á eigið fé bankans, auk þess sem samsetning vaxtaberandi eigna og skulda og þróun vaxta hafa áhrif á framtíðartekjur. Bankinn framkvæmir reglulega sviðsmyndagreiningar og álagsþróf til að meta næmni efnahagsreikningsins fyrir ólíkum markaðsatburðum.

Rekstraráhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu eða ófjárhagslegu tjóni sem stafar af ófullkomnum innri ferlum og kerfum, aðgerðum starfsfólks eða utanaðkomandi atvikum. Slík áhætta fylgir starfsemi Seðlabankans, þar á meðal hlutverki hans sem rekstraraðila kerfislega mikilvægra fjármálainnviða,

svo sem millibankagreiðslukerfisins. Stjórnun rekstraráhættu byggist á reglubundnu áhættumati helstu verkferla og kerfa, skýru verklagi og virku innra eftirliti. Lögð er áhersla á að greina frávik tímanlega og grípa til viðeigandi úrbóta, auk þess sem viðbragðsáætlunum er viðhaldið til að tryggja rekstrarsamfellu og lágmarka áhrif alvarlegra atvika á starfsemi bankans og framkvæmd lögbundinna verkefna hans.

Framkvæmdir og endurbætur

Framkvæmdum var haldið áfram á árinu við viðhald og endurnýjun húsnæðis bankans. Framkvæmdir voru einkum við endurbætur á viðbyggingu við húsnæði bankans en endurbótum á aðalbyggingu hafði að mestu verið lokið áður.

Nýr vefur Seðlabankans var tekinn í notkun á vordögum.

Seðlabankastjóri, varaseðlabankastjórar, bankaráð og framkvæmdastjórar Seðlabanka Íslands 31. desember 2025

Seðlabankastjóri

Ásgeir Jónsson

Varaseðlabankastjórar

Björk Sigurgísladóttir

Þórarinn G. Pétursson

Tómas Brynjólfsson

Bankaráð

Aðalmenn

Bolli Héðinsson formaður

Gylfi Zoega varaformaður

Arnar Bjarnason

Birgir Ármannsson

Guðrún Johnsen

Oddný Árnadóttir

Ólafur Ísleifsson

Varamenn

Aðalheiður Sigursveinsdóttir

Bessí Þóra Jónsdóttir

Freyja Vilborg Þórarinsdóttir

Gunnar Axel Axelsson

Katrín Viktoría Leiva

Katrín Ólafsdóttir

Teitur Björn Einarsson

Framkvæmdastjórar

Fjármálastöðugleiki:
Flóki Halldórsson framkvæmdastjóri

Fjármál og rekstur:
Erla Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri

Gögn og umbætur:
Gunnar Ormslev Ásgeirsson framkvæmdastjóri

Hagfræði og peningastefna:
Karen Áslaug Vignisdóttir aðalhogfræðingur

Háttsemiseftirlit:
Linda Kolbrún Björgvinsdóttir framkvæmdastjóri

Mannauður og menning:
Íris Guðrún Ragnarsdóttir mannauðsstjóri

Markaðsviðskipti:
Valdimar Ármann framkvæmdastjóri

Skrifstofa bankastjóra:
Rannveig Júníusdóttir framkvæmdastjóri

Upplýsingatækni:
Stefán G. Guðjohnsen framkvæmdastjóri


Varúðareftirlit:
Gísli Óttarsson framkvæmdastjóri

Innri endurskoðun:
Nanna Huld Aradóttir innri endurskoðandi

Félag í eigu Seðlabanka Íslands

Greiðsluveitan ehf.:
Sigríður Dís Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri

Skipurit Seðlabanka Íslands



Sjálfbærni

VII

Við mat á sjálfbærni fyrirtækja og stofnana er jafnan vísað til viðmiða um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) og er þá meðal annars átt við velferð, heilsu, félagslegt réttlæti og stjórnarhætti sem stuðla að sjálfbærni. Seðlabanki Íslands stefnir að því að verða til fyrirmyndar á sviði sjálfbærni og loftslagsmála og voru mikilvæg skref stigin í þá átt á árinu 2025.

Umhverfismál

Markmið umhverfis- og loftslagsstefnu Seðlabanka Íslands er að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri bankans og að bankinn taki með því virkan þátt í að Ísland geti staðið við loftslags-skuldbindingar sínar. Seðlabankinn hefur einsett sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni um 10% frá árinu 2023 til ársins 2030 miðað við gögn úr losunarbókhaldi og könnun á samgönguvenjum.

Seðlabankinn uppfærði umhverfis- og loftslagsstefnu sína ásamt aðgerðaráætlun í árslok 2025. Vel hefur gengið að hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum sem tilgreindar voru í fyrri aðgerðaáætlun bankans ásamt því að viðhalda þeim aðgerðum sem hafnar voru. Má sem dæmi nefna að mótuneyti bankans hlaut Svansvottun á árinu. Seðlabankinn styðst við viðmið Fjársýslu ríkisins varðandi sjálfbærni í opinberum innkaupum. Bankinn færir grænt bókhald í samræmi við græn skref í ríkisrekstri og heldur utan um hluta af innkaupum sínum með tilliti til sjálfbærnimarkmiða.

Seðlabankinn reiknar árlega losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu og viðskiptaferða. Jafnframt er fylgst með heildarmagni úrgangs Seðlabankans og flokkun hans frá ári til árs. Með sama hætti er fylgst með losun vegna aðkeyptar vöru. Losun Seðlabankans

árið 2025 nam 702,8 tonnum koltvísýringsígilda (tCO_2i). Reiknuð losun á hvert stöðugildi jókst um 7% frá fyrra ári og var 2.327,2 kgCO_2 (sjá nánar í viðauka þar sem sjálfbærniuppgjör bankans er sýnt). Seðlabankinn hélt áfram samstarfi við Land og skóg um landgræðslu en markmið samstarfsins er að stuðla að endurheimt votlendis, þurrlandisvistkerfa og birkivistkerfa. Endurheimtarverkefnið eru byggð á alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði og vottunum og auka uppsöfnun kolefnis í gróðri og jarðvegi. Samstarfið beinist að því að kolefnisbinda á móti reiknaðri losun af starfsemi bankans sem átti sér stað á árinu 2025, alls 702,8 tonn koltvísýringsígilda.

Félagslegir þættir og stjórnarhættir

Mannauður er lykillinn að góðum og sjálfbærum rekstri Seðlabankans. Mannauðsstefna bankans miðar að því að byggja upp sterka liðsheild og menningu þar sem starfsfólk hefur tækifæri til að þróast og beita fagmennsku í starfsumhverfi sem styður við áræðni, auðmýkt og heilindi í athöfnum og ákvarðanatöku. Starfsumhverfi Seðlabankans byggist á sveigjanleika og trausti, starfsánægju, jafnvægi milli vinnu og einkalífs og jafnrétti.

Á árinu var áfram unnið að því að styðja við helgun í starfi, sem skilar sér í aukinni starfsánægju og hefur jákvæð áhrif á skilvirkni, árangur og sjálfbærni bankans. Einnig var áfram lögð áhersla á þjálfun öflugra leiðtoga og innleiðingu gilda bankans.

Í lok árs 2025 voru starfsmenn Seðlabankans 302 talsins, konur 142 og karlar 160 (sjá töflu VII-1). Mannauðskerfi bankans býður upp á kynhlutlausu skráningu starfsfólks. Framkvæmdastjórn bankans

voru 11, þar af 6 konur og 5 karlar. Í hópi aðstoðarframkvæmdastjóra og forstöðufólks voru alls 26 starfsmenn, þar af 12 konur og 14 karlar.

Tafla VII-1 Fjöldi starfsfólks eftir sviðum í árslok 2025

Svið	Fjöldi	Konur	Karlar
Bankastjórar	4	1	3
Fjármál og rekstur	29	19	10
Fjármálastöðugleiki	26	7	19
Gögn og umbætur	26	10	16
Hagfræði og peningastefna	24	11	13
Háttsemiseftirlit	45	27	18
Innri endurskoðun	3	2	1
Mannauður og menning	5	4	1
Markaðsviðskipti	27	11	16
Skrifstofa bankastjóra	30	21	9
Upplýsingatækni	42	9	33
Varúðareftirlit	41	20	21
Samtals	302	142	160

Seðlabankinn leitast við að stuðla að jafnrétti, jafnri meðferð og virðingu starfsfólks. Bankinn framfylgir jafnréttisstefnu í samræmi við ákvæði laga þar um. Í jafnréttisstefnu bankans kemur m.a. fram að bankinn skuli auðvelda starfsfólki að samræma starfskyldur og skyldur gagnvart fjölskyldu, að kynjunum skuli ekki mismunað við framgang og ráðningu í störf og að hvers kyns áreitni og ofbeldi verði ekki liðin innan bankans.

Svið mannauðs og menningar hefur yfirsýn yfir lög og reglur um jafnrétti og jafna meðferð starfsfólks og ber ábyrgð á reglulegri endurnýjun jafnréttisáætlunar bankans, því að fylgjast með framkvæmd hennar og kanna réttmæti ábendinga sem varða jafnrétti og jafna meðferð starfsfólks.

Samkvæmt jafnlaunastefnu Seðlabankans skal starfsfólk njóta jafnra launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafn verðmæt störf þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar í bankanum. Jafnlaunavottun bankans var endurnýjuð á haustmánuðum. Jafnlaunagreining leiddi í ljós að enginn óútskýrður launamunur var á milli kynja, fimmta árið í röð. Seðlabankinn hlaut einnig viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar á árinu en verkefnið miðar að því að jafna hlutföll kynjanna í framkvæmdastjórnnum fyrir- tækja og stofnana.

Seðlabankinn leggur áherslu á ábyrga stjórnarhætti sem eru grundvöllur þess að markmiðum bankans verði náð. Stjórnskipulag bankans og ákvarðanataka er skýr samkvæmt lögum um bankann, samanber kafla VI um stjórnskipulag og mannauð. Bankinn setur sér jafnframt innri stefnur og verklag þar sem verkefnum og ábyrgð á daglegum verkum er skipt milli

sviða bankans. Þá skilgreina stjórnendur árlega stefnumótandi áherslumál og haga störfum sínum í samræmi við gildi bankans.

Samstarf bankans í loftslagsmálum

Seðlabankinn er aðili að alþjóðlegum samstarfsvettvangi seðlabanka og fjármálaeftirlita sem ber nafnið Network for Greening the Financial System (NGFS). Seðlabankinn á fulltrúa í vinnuhópum NGFS, þar sem viðfangsefnin eru fjármálaeftirlit, sviðsmyndagreining vegna loftslags- og náttúrutengdrar áhættu, peningastefna og kolefnishlutleysi. Vettvangurinn nýtist Seðlabankanum til að afla sér og miðla upplýsingum um verkefni seðlabanka og fjármálaeftirlita á sviði loftslags- og umhverfismála, t.a.m. um umbreytingaráætlanir, loftslags- og náttúrutengda áhættu og blandaða fjármögnun fyrir mótvægis- og aðlögunaraðgerðir. Varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika situr í stjórnarráði NGFS fyrir hönd Seðlabankans. Þá hefur Seðlabankinn átt í samstarfi við seðlabanka á Norðurlöndunum og í Eystrasaltlöndunum um loftslagsmál og loftslagsáhættu á breiðum grunni. Seðlabankinn leitast við að eiga samstarf við ýmsar stofnanir og hagaðila um athugun á eðli og áhrifum loftslagsbreytinga og afleiðingum þeirra fyrir íslenskt samfélag. Á árinu hélt Seðlabankinn áfram samtali við innlenda hagaðila á sviði loftslagsmála og loftslagsáhættu.

Mat á loftslagsáhættu og innleiðing í kjarnastarfsemi bankans ásamt öðrum aðgerðum

Seðlabankinn hefur unnið að því að greina áhrif loftslagsáhættu á fjármálastöðugleika. Slík greining veitir upplýsingar um það í hverju áhættan liggur helst fyrir innlent fjármálakerfi. Seðlabankinn fylgist með alþjóðlegri þróun í sviðsmyndagreiningum og hefur skoðað Fær í 55 (Fit-For-55) álagspróf eftirlitsstofnana Evrópusambandsins (ESB), þar sem lagt er mat á áhrif loftslagsstefnu ESB á fjármálamarkaðinn. Í tengslum við þá vinnu framkvæmdi Seðlabankinn álagspróf þar sem stuðst var við gögn um kolefnislosun stærstu fyrirtækja landsins og lagði mat á áhrif á innlendar eignir banka og lífeyrissjóða. Rammagrein þess efnis var birt í ritinu *Fjármálastöðugleiki 2025/1*.

Í sviðsmyndagreiningu er notast við þjóðhagslíkön til að spá fyrir um þróun hagstærða í mismunandi loftslagssviðsmyndum. Bankinn hefur unnið að innleiðingu þjóðhagslíkansins NiGEM (National Institute Global Econometric Model). Líkanið er þróað af National Institute of Economic and Social Research (NIESR) í

Bretlandi og er notað af fjölda seðlabanka og rannsóknarstofnana, m.a. í loftslagsáhættusviðsmyndum NGFS. Líkanið nær til 50 landa en Seðlabankinn, í samstarfi við NIESR, hefur unnið að því að bæta Íslandi í þann hóp í gegnum meginspálíkan bankans, QMM.

Fjármálaeftirliti Seðlabankans er falið eftirlit með framkvæmd reglugerðar Evrópusambandsins um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (jafnan nefnd SFDR) og reglugerðar um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar (Taxonomy-reglugerðin). Á árinu lagði fjármálaeftirlit Seðlabankans sjálfsmat fyrir aðila sem falla undir gildissvið laga um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Í könnunar- og matsferli (SREP) fyrir viðskiptabanka er sjálfbærniáhætta metin sem sérstakur áhættuþáttur og beitt er sambærilegri aðferðafræði við mat á henni og við aðra áhættuþætti. Matið takmarkast við loftslagsáhættu og var við það lagt mat á eðlislæga áhættu (e. inherent risk) og áhættustýringu. Í eftirlitsferli lífeyrissjóða og váttryggingafélaga (PSRP/SRP) fór fram sambærilegt mat og hjá viðskiptabönkunum nema hvað áhættuþættir loftslagsáhættu sem þeir standa frammi fyrir eru nokkuð frábrugðnir því sem lífeyrissjóðir og váttryggingafélög glíma við. Hjá stærstu og umsvifamestu aðilunum á fjármálamarkaði var lagt mat á raunlæga áhættu (e. physical risk) og umbreytingaráhættu (e. transition risk).

Aðilar á fjármálamarkaði hafa almennt skilning á loftslagsáhættu, að áhættan sé til staðar og geti valdið þeim tjóni. Þá virðast þeir hafa metnað til að stýra áhættunni á fullnægjandi hátt. Íslenskt atvinnulíf byggist að miklu leyti á nýtingu náttúrunnar og er því útsett fyrir raunlægri áhættu, en þrátt fyrir það er umbreytingaráhætta talin aukast, a.m.k. til skemmri tíma. Fjármálaeftirlitið hefur lagt áherslu á að aðilar á fjármálamarkaði búi yfir þekkingu á loftslagsáhættu og byggi upp verklag sem gerir það líklegt að þeir greini mikilvæga áhættuþætti.

Sjálfbær fjármögnunarrammi fjármála- og efnahagsráðuneytisins var settur haustið 2021 og uppfærður vorið 2023. Markmið hans er að fjármagna skilgreind útgjöld ríkissjóðs sem skipt er í ákveðna verkefnaflokka og styðja við framgang heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Ekki var gefið út skuldabréf undir rammanum á árinu 2025.

Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands



Tap af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2025 nam 11.831 m.kr. en til samanburðar nam tap ársins 2024 10.328 m.kr. Tap af rekstri bankans 2025 má einkum rekja til þróunar gengismunar. Erlendar eignir bankans námu 96% af heildareignum hans í lok árs 2025 eins og undanfarin ár en skuldir eru fyrst og fremst í íslenskum krónum og því hafa gengisbreytingar mikil áhrif á afkomu bankans. Hér til hliðar eru töflur sem sýna breytingu á milli ára á helstu liðum rekstrarreiknings og efnahagsreiknings bankans.

Hrein vaxtagjöld námu 202 m.kr. á árinu 2025 samanborið við 3.574 m.kr. á árinu 2024. Vaxtatekjur af erlendum eignum í heild lækkuðu um 2.699 m.kr. frá árinu 2024 eða sem nemur 9%. Af þeirri lækkun voru 2.041 m.kr. vegna lækkunar á vaxtatekjum af erlendum bankareikningum. Breytingin á milli ára skýrist helst af lægri vöxtum á bankareikningum og bundnum innlánnum en á fyrra ári. Vaxtatekjur af erlendum verðbréfum hækkuðu lítillega á milli ára vegna aukningar á skuldabréfaeign bankans.

Vaxtagjöld af innlendum skuldum lækkuðu um 5.299 m.kr. frá árinu 2024. Þar af lækkuðu vaxtagjöld af bundnum innlánnum um 3.146 m.kr. Þessa lækkun má annars vegar rekja til lækkunar á meginvöxtum bankans og hins vegar til þess að minna var bundið á árinu en árið á undan. Í apríl 2024 lækkaði Seðlabankinn vexti á gjaldeyrisreikningum í bankanum í núll og því voru engin vaxtagjöld af gjaldeyrisreikningum á árinu.

Virðisbreytingar eigna skiluðu 629 m.kr. tapi á árinu samanborið við 1.215 m.kr. hagnað 2024.

Gengistap á árinu 2025 nam 5.624 m.kr. Til samanburðar var gengistap á árinu 2024 2.898 m.kr. Gengistapið má fyrst og fremst rekja til hækkunar á gengi íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadal en

Tafla VIII-1 Helstu liðir rekstrarreiknings

M.kr.	2025	2024	Breyting
Hrein vaxtagjöld	(202)	(3.574)	3.372
Virðisbreytingar eigna	(630)	1.215	(1.845)
Tekjur af hlutafjáreign	68	72	(5)
Tap af fjármálagerningum	(765)	(5.185)	4.420
Gengismunur	(5.624)	(2.898)	(2.726)
Rekstrartekjur	4.928	4.310	618
Rekstrargjöld	(10.368)	(9.584)	(784)
Áhrif dótturfélaga	(3)	130	(133)
Afkoma ársins	(11.831)	(10.328)	(1.503)

Tafla VIII-2 Helstu liðir efnahagsreiknings

M.kr.	31.12.2025	31.12.2024	Breyting
<i>Eignir</i>			
Gulleign	34.598	23.136	11.463
Kröfur á erlenda aðila í erl. gjaldeyri	933.448	861.770	71.678
Kröfur á innlenda aðila í erl. gjaldeyri	1.388	0	1.387
Kröfur á innlendra aðila vegna peningastefnu	13.126	18.313	(5.187)
Kröfur á innl. aðila í innl. gjaldeyri	4.577	4.501	76
Aðrar eignir	13.490	14.042	(552)
Eignir samtals	1.000.626	921.762	78.864
<i>Eigið fé og skuldir</i>			
Eigið fé	76.679	89.979	(13.300)
Útgefnir seðlar og mynt	69.478	70.987	(1.509)
Skuldir við erl. aðila í erl. gjaldeyri	72.489	76.475	(3.985)
Skuldir við innl. aðila í erl. gjaldeyri	294.820	260.169	34.651
Skuldir við erl. aðila í innl. gjaldeyri	1.401	1.295	106
Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu	380.664	336.387	44.277
Skuldir við innl. aðila í innl. gjaldeyri	103.929	85.054	18.876
Aðrar skuldir	1.166	1.417	(251)
Eigið fé og skuldir samtals	1.000.626	921.762	78.864

hann veiktist um 9,4% gagnvart krónunni á árinu sem eitt og sér olli 23.830 m.kr. gengistapi. Á sama tíma styrktist evran um 2,3% gagnvart krónunni og verð á gulli hækkaði um 49,1%.

Í lok ársins 2025 námu eignir bankans alls 1.000.626 m.kr. en voru 921.762 m.kr. í árslok 2024. Eigið fé bankans nam 76.679 m.kr. í árslok 2025 samanborið við 89.979 m.kr. í árslok 2024. Eiginfjárlutfall bankans var í lok ársins 7,7% en var 9,8% í árslok 2024.

Ársreikningur bankans er birtur aftur í skýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum.

Afkomuhorfur og eiginfjármarkmið

Seðlabanki Íslands skal lögum samkvæmt búa yfir fjárhagslegum styrk sem gerir honum kleift að rækja lögbundið hlutverk sitt. Liður í því er að bankinn skal ákveða á hverju ári eiginfjármarkmið sem endurspeglar þörf hans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir. Eiginfjármarkmiðið tekur mið af rekstrarkostnaði bankans og þeirri áhættu og óvissu sem bankinn stendur frammi fyrir á hverjum tíma. Ákvörðun um eiginfjármarkmið er staðfest af bankaráði og var það ákveðið 150 ma.kr. á árinu 2025.

Rekstrarafkoma Seðlabankans versnaði á árinu sem helst má rekja til neikvæðs vaxtafajnaðar og hækkunar á gengi krónunnar. Því lækkaði eigið fé bankans sem fyrr segir og var í árslok 2025 um 76,7 ma.kr., sem er undir eiginfjármarkmiði bankans. Til samanburðar var eigið fé í árslok 2024 um 89 ma.kr. en í lok árs 2023 101 ma.kr. Bankinn kallaði ekki inn eigið fé frá ríkissjóði á árinu en lagaheimild er fyrir innköllun á allt að 81,1 ma.kr. á verðlagi 2025.

Niðurstöður sviðsmyndagreiningar á þróun afkomu og eigin fjár bankans til næstu þriggja ára sýna að horfur eru óhagstæðar fyrir bankann, einkum vegna horfa um aukinn vaxtamun við útlönd. Óvissa er talsverð en mat á eiginfjárpörf Seðlabankans gefur að svo stöddu ekki tilefni til að breyta eiginfjármarkmiði fyrir Seðlabankann. Það hefur því verið staðfest óbreytt af bankaráði eða 150 ma.kr.

Árlega er tekin ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar Seðlabankans samkvæmt aðferð sem lýst er í lögnum um bankann. Þannig er hagnaði bankans, að frádregnum færslum í varasjóð, ráðstafað til ríkissjóðs svo fremi sem honum er ekki ráðstafað til að efla eigið fé bankans. Í samræmi við 2. mgr. 40. gr. laga um Seðlabankann er því ekki greiddur arður í ríkissjóð vegna ársins 2025 vegna taprekstrar og eiginfjárstöðu undir eiginfjármarkmiði.

Ársreikningur 2025

IX

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	41
Staðfesting ársreiknings Seðlabanka Íslands	43
Rekstrarreikningur 2025	44
Efnahagsreikningur 31. desember 2025	45
Eiginfjáryfirlit	47
Sjóðstreymisyfirlit	48
Skýringar	49

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bankaráðs og bankastjóra Seðlabanka Íslands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Seðlabanka Íslands („bankinn“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu bankans 31. desember 2025 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð bankanum í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Bankaráð og seðlabankastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru upplýsingar í ársskýrslu að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð bankaráðs og seðlabankastjóra á ársreikningnum

Bankaráð og seðlabankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bankaráði og seðlabankastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi bankans og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa bankann upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Bankaráð og seðlabankastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir

verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits bankans.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun bankaráðs og seðlabankastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi bankans. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert bankann órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum bankaráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Reykjavík, 18. mars 2026

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir

Staðfesting ársreiknings Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjóri Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. mars 2026

Áritun bankaráðs

Gylfi Zoëga
Guðrún Johnsen
Oddný Árnadóttir

Bolli Héðinsson
formaður

Birgir Ármannsson
Ólafur Ísleifsson
Arnar Bjarnason

Áritun seðlabankastjóra

Ásgeir Jónsson

Staðfesting forsætisráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda, bankaráðs og seðlabankastjóra staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 23. mars 2026

Kristrún Frostadóttir

Rekstrarreikningur 2025

	Skýring	2025	2024
Vaxtatekjur	4	27.441.633	30.258.274
Vaxtagjöld	5	(27.644.025)	(33.832.193)
Hrein vaxtagjöld		(202.392)	(3.573.919)
Erlendar virðisbreytingar eigna		(1.289.095)	578.613
Innlendar virðisbreytingar eigna		659.178	636.154
Virðisbreytingar eigna samtals	6	(629.917)	1.214.767
Tekjur af hlutafjáreign	7	67.597	72.324
Tap af fjármálagerningum fyrir gengismun		(764.712)	(2.286.828)
Gengismunur	8	(5.623.682)	(2.897.677)
Tap af fjármálagerningum		(6.388.394)	(5.184.505)
Eftirlitstekjur	9	3.419.892	3.224.363
Þjónustutekjur	10	1.085.033	968.476
Aðrar tekjur		423.017	117.389
Aðrar tekjur samtals		4.927.942	4.310.228
Laun og launatengd gjöld	11	(6.476.530)	(5.947.269)
Annar rekstrarkostnaður	12	(2.830.336)	(2.669.038)
Þjónustugjöld	13	(664.210)	(604.853)
Afskriftir fastafjármuna	19.1	(276.377)	(261.528)
Afskriftir hugbúnaðar	19.2	(120.292)	(101.094)
Rekstrargjöld samtals		(10.367.745)	(9.583.782)
Áhrif dótturfélaga	19.3	(2.992)	129.644
Tap ársins		(11.831.189)	(10.328.415)

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýring	31.12.2025	31.12.2024
<i>Eignir</i>			
Gulleign	14	34.598.200	23.135.573
Kröfur á erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	15	933.447.954	861.769.553
Erlendar bankainnstæður	15.1	72.610.752	61.587.864
Staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	15.2	86.073.344	90.185.936
Erlend verðbréf	15.3	774.763.833	709.990.546
Eignir utan forða	15.4	25	5.207
Kröfur á innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	16	1.387.537	411
Ríkissjóður		1.386.990	-
Innlánsstofnanir		547	411
Kröfur á innlenda aðila vegna peningastefnu	17	13.125.706	18.313.197
Kröfur á innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	18	4.576.893	4.501.247
Innlánsstofnanir	18.1	-	75.503
Ríkissjóður	18.2	4.576.893	4.412.421
Aðrir aðilar	18.3	-	13.323
Aðrar eignir	19	13.490.118	14.042.159
Varanlegir rekstrarfjármunir	19.1	10.203.425	10.900.037
Hugbúnaður	19.2	826.731	718.525
Aðrar eignir	19.3	2.459.962	2.423.597
Eignir samtals		<u>1.000.626.408</u>	<u>921.762.140</u>

	Skýring	31.12.2025	31.12.2024
<i>Eigið fé og skuldir</i>			
<i>Eigið fé</i>			
Stofnfé		112.564.772	109.082.609
Óinnkallað stofnfé		(81.063.772)	(77.581.609)
Varasjóður		12.895.040	8.811.824
Endurmat fasteigna og lausafjármuna		3.561.590	5.030.136
Bundnar hlutdeildartekjur		944.501	947.493
Annað eigið fé		27.777.073	43.688.488
Eigið fé samtals	20	<u>76.679.204</u>	<u>89.978.941</u>
<i>Skuldir</i>			
Útgefnir seðlar og mynt	21	69.477.898	70.987.109
Skuldir við erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	22	72.489.417	76.474.761
Innlán	22.1	13.546	201.798
Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	15.2	72.475.871	76.272.963
Skuldir við innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	23	294.820.402	260.169.325
Skuldir við erlenda aðila í innlendum gjaldeyri	24	1.401.099	1.294.869
Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu	25	380.663.626	336.386.881
Innlán	25.1	84.235.288	78.371.003
Bindiskylda	25.2	113.104.901	107.945.282
Bundin innlán	25.3	183.323.437	150.070.596
Skuldir við innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	26	103.929.140	85.053.584
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	26.1	102.100.917	83.461.576
Aðrir aðilar	26.2	1.828.223	1.592.008
Aðrar skuldir	27	1.165.622	1.416.670
Skuldir samtals		<u>923.947.204</u>	<u>831.783.199</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.000.626.408</u>	<u>921.762.140</u>

Eiginfjáryfirlit

	<i>Stofnfé</i>	<i>Óinnkallað stofnfé</i>	<i>Varasjóður</i>	<i>Endurmat fasteigna</i>	<i>Bundnar hlutdeildar- tekjur</i>	<i>Annað eigið fé</i>	<i>Eigið fé samtals</i>
2025							
Eigið fé 1. janúar 2025	109.082.609	(77.581.609)	8.811.824	5.030.136	947.493	43.688.488	89.978.941
Verðbætur á óinnkölluðu stofnfé	3.482.163	(3.482.163)	-	-	-	-	-
Tap ársins	-	-	4.083.216	-	(2.992)	(15.911.414)	(11.831.189)
Bakfært endurmat fasteigna	-	-	-	(1.468.546)	-	-	(1.468.546)
Eigið fé 31. desember 2025	<u>112.564.772</u>	<u>(81.063.772)</u>	<u>12.895.040</u>	<u>3.561.590</u>	<u>944.501</u>	<u>27.777.073</u>	<u>76.679.204</u>
2024							
Eigið fé 1. janúar 2024	105.563.920	(74.062.920)	6.875.960	5.757.551	964.298	55.853.173	100.951.982
Verðbætur á óinnkölluðu stofnfé	3.518.689	(3.518.689)	-	-	-	-	-
Tap ársins	-	-	1.935.864	-	13.083	(12.277.361)	(10.328.414)
Innleystar hlutdeildartekjur	-	-	-	-	(29.889)	29.889	-
Endurmat fasteigna	-	-	-	(644.629)	-	-	(644.629)
Afskrift endurmetinna eigna	-	-	-	(82.786)	-	82.786	-
Eigið fé 31. desember 2024	<u>109.082.609</u>	<u>(77.581.609)</u>	<u>8.811.824</u>	<u>5.030.136</u>	<u>947.493</u>	<u>43.688.488</u>	<u>89.978.941</u>

Í skýringu 20 er greint frá reikningshaldslegri meðhöndlun eiginfjárliða, sundurliðun á breytingum á varasjóði auk þess sem sýnd er þróun á eiginfjárlutfalli bankans undanfrarin ár.

Sjóðstreymisyfirlit

	Skýring	2025	2024
<i>Rekstrarhreyfingar</i>			
Innheimtar vaxtatekjur		22.907.344	21.148.217
Greidd vaxtagjöld		(21.543.204)	(28.445.342)
Innheimtir/(greiddir) vextir		<u>1.364.140</u>	<u>(7.297.126)</u>
Innheimtar eftirlitstekjur	9	3.419.892	3.224.363
Innheimtar þjónustutekjur og aðrar tekjur		1.425.823	1.682.155
Greidd þjónustugjöld		(665.702)	(587.393)
Innborgaður arður af hlutafjáreign	7	67.597	72.324
Greidd rekstrargjöld		(9.395.810)	(8.720.204)
Handbært fé til rekstrar		<u>(3.784.060)</u>	<u>(11.625.881)</u>
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>			
Keypt verðbréf í gjaldeyrisforða	15.3	(278.808.650)	(530.026.112)
Seld og innheimt verðbréf í gjaldeyrisforða		209.257.617	328.554.968
Keypt ríkisbréf í erlendum gjaldmiðli		(1.380.007)	(164.029)
Uppgreidd stuðningslán		-	517.663
Seld verðbréf í innlendum gjaldeyri		5.266.561	151.580
Aðrar eignir		80.718	666.118
Keyptir rekstrarfjármunir	19.1	(1.048.312)	(2.064.953)
Seldir rekstrarfjármunir		-	2.300
Keyptur hugbúnaður	19.2	(228.498)	(175.972)
Dótturfélagi slitið	30	-	638.467
Fjárfestingarhreyfingar samtals		<u>(66.860.571)</u>	<u>(201.899.970)</u>
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>			
Útgefnir seðlar og mynt	21	(1.509.211)	(4.722.093)
Innlán í erlendum gjaldeyri		28.839.024	74.279.669
Innlán í innlendum gjaldeyri		58.875.873	43.167.184
Aðrar skuldir		(1.918.941)	(639.870)
Fjármögnunarhreyfingar samtals		<u>84.286.746</u>	<u>112.084.890</u>
Lækkun á erlendum bankainnstæðum		13.642.114	(101.440.961)
Gengismunur erlendra bankainnstæðna	8	(2.619.226)	(2.846.441)
Erlendar bankainnstæður í ársbyrjun		61.587.864	165.875.266
Erlendar bankainnstæður í árslok	15.1	<u>72.610.752</u>	<u>61.587.864</u>

Skýringar

Almennt

1	Upplýsingar um Seðlabanka Íslands	50
2	Grundvöllur reikningsskilanna	50
3	Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir	50

Skýringar við rekstrarreikning

4	Vaxtatekjur	51
5	Vaxtagjöld	52
6	Virðisbreytingar eigna	52
7	Tekjur af hlutafjáreign	53
8	Gengismunur	53
9	Eftirlitstekjur	54
10	Þjónustutekjur	54
11	Laun og launatengd gjöld	55
12	Annar rekstrarkostnaður	55
13	Þjónustugjöld	55

Skýringar við efnahagsreikning

14	Gulleign	56
15	Kröfur á erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	56
16	Kröfur á innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	58
17	Kröfur á innlenda aðila vegna peningastefnu	58
18	Kröfur á innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	58
19	Aðrar eignir	59
20	Eigið fé	62
21	Útgefnir seðlar og mynt	63
22	Skuldir við erlenda aðila í erlendum gjaldeyri	64
23	Skuldir við innlenda aðila í erlendum gjaldeyri	64

24	Skuldir við erlenda aðila í innlendum gjaldeyri	64
25	Skuldir við innlendar lánastofnanir vegna peningastefnu	64
26	Skuldir við innlenda aðila í innlendum gjaldeyri	65
27	Aðrar skuldir	65

Aðrar upplýsingar

28	Krónukerfið	66
29	Gjaldeyrisviðskipti	66
30	Tengdir aðilar	67
31	Kostnaðargreining	70
32	Fjármálaeftirlit	70
33	Önnur mál	70
34	Atburðir eftir lok reikningsskiladags	70

Áhættustýring

35	Gjaldeyrisforði	71
36	Kröfuáhætta	71
37	Lausafjáráhætta	73
38	Uppgjörsáhætta	74
39	Markaðsáhætta	75
40	Áhætta tengd innlendum markaðs- viðskiptum og innlánnum	76

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

41	Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	77
----	-----------------------------------	----

Almennt

Skýring 1 – Upplýsingar um Seðlabanka Íslands

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra. Markmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Þá skal bankinn sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.

Skýring 2 – Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Seðlabanka Íslands 31. desember 2025 er gerður í samræmi við lög um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019 og lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ársreikningurinn byggist á kostnaðarverðsreikningsskilum að undanskildum veltufjáreignum sem færðar eru á gangvirði. Til veltufjáreigna teljast skuldabréf á markaði og afleiður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna. Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir eru settar fram í skýringu 41.

Skýring 3 – Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Stjórnendur yfirfara reglulega mat og forsendur þess og breyta eftir því sem ástæða þykir til. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað.

Skýringar við rekstrarreikning

Skýring 4 – Vaxtatekjur

	2025	2024
<i>Vaxtatekjur af innlendum eignum</i>		
Daglán	2.003	601
Veðlán	-	15.762
Óverðtryggð verðbréf	574.284	663.792
Vextir og verðbætur af verðtryggðum verðbréfum	285.169	329.168
Annað	30.116	223
Vaxtatekjur af innlendum eignum samtals	<u>891.572</u>	<u>1.009.546</u>
<i>Vaxtatekjur af erlendum eignum</i>		
Staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	2.522.826	3.467.146
Erlendar bankainnstæður	1.950.750	3.992.112
Erlend verðbréf	22.076.485	21.789.470
Vaxtatekjur af erlendum eignum samtals	<u>26.550.061</u>	<u>29.248.728</u>

Vaxtatekjur af innlendum eignum lækkuðu um 118 m.kr. á árinu eða um 11,7%.

Vaxtatekjur og verðbætur af óverðtryggðum og verðtryggðum verðbréfum lækkuðu um 133,5 m.kr. eða um 13%. Þetta er vegna skuldabréfaflokka á gjalddaga sem hafa dregið saman innlenda skuldabréfaeign um 5 ma.kr. á árinu.

Vaxtatekjur af erlendum eignum lækkuðu á milli ára um 2,7 ma.kr. eða 9,2%.

Vaxtatekjur af erlendum bankareikningum lækkuðu um 2 ma.kr. eða 51% og skýrist helst vegna lægri meðalvaxta á bankareikningum og bundnum innlánnum.

Vaxtatekjur af erlendum verðbréfum hækkuðu um 287 m.kr. eða 1,3% vegna aukningar á skuldabréfaeign bankans.

Skýring 5 – Vaxtagjöld

	2025	2024
<i>Vaxtagjöld af innlendum skuldum</i>		
Bundin innlán	12.580.316	15.726.672
Viðskiptareikningar	12.170.675	11.796.936
Gjaldreyrisreikningar	-	2.505.489
Aðrar innlendar skuldir	674.058	695.014
Vaxtagjöld af innlendum skuldum samtals	25.425.049	30.724.111
<i>Vaxtagjöld af erlendum skuldum og eignum</i>		
Staða við Alþjóðagjaldreyrissjóðinn	2.153.164	2.974.628
Erlendar bankainnistæður	630	1.157
Erlend forðabréf	65.182	132.297
Vaxtagjöld af erlendum skuldum og eignum samtals	2.218.976	3.108.082

Vaxtagjöld af innlendum skuldum lækkuðu milli ára um 5 ma.kr. eða um 17,2%.

Vaxtagjöld af bundnum innlánum námu um 12,6 ma.kr. á árinu 2025 samanborið við 15,7 ma.kr. á árinu 2024 sem er 3,1 ma.kr. lækkun. Þetta má annars vegar rekja til lækkunar á meðal meginvöxtum bankans úr 9,13% í 7,67% og hins vegar til þess að minna var bundið á þessu ári en því síðasta.

Þrátt fyrir lækkun meginvaxta hækkuðu vaxtagjöld af viðskiptareikningum um 373,7 m.kr á milli ára, einkum vegna aukins lausafjár.

Í apríl 2024 voru gjaldreyrisreikningar bankans gerðir vaxtalausir.

Vaxtagjöld af erlendum skuldum og eignum lækkuðu um 28,6% á milli ára.

Skýring 6 – Virðisbreytingar eigna

	2025	2024
<i>Innleyst endurmat</i>		
Innlend verðbréf	(466)	(8.183)
Erlend verðbréf	25.289	(878.962)
Innleyst endurmat samtals	24.823	(887.145)
<i>Óinnleyst endurmat</i>		
Innlend verðbréf	659.644	644.338
Erlend verðbréf	(1.314.384)	1.457.574
Óinnleyst endurmat samtals	(654.740)	2.101.912
Virðisbreytingar eigna samtals	(629.917)	1.214.767

Skýring 7 – Tekjur af hlutafjáreign

Tekjur af hlutafjáreign eru vegna arðs frá Alþjóðagreiðslubankanum.

Skýring 8 – Gengismunur

	2025	2024
<i>Innleystur gengismunur</i>		
Erlendar bankainnstæður	(2.619.226)	(2.846.441)
Erlend verðbréf	(9.568.587)	(2.193.655)
Innlendar gjaldeyrisinnstæður	(5.623.802)	10.644.014
Afleiður	(1.044)	590.535
Annað	28.686	(15.295)
Innleystur gengismunur samtals	<u>(17.783.973)</u>	<u>6.179.158</u>
<i>Óinnleystur gengismunur</i>		
Gull	11.462.627	5.213.107
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn	(684.821)	(204.968)
Erlend verðbréf	1.382.717	(14.085.240)
Erlendar skammtímaskuldir	-	740
Annað	(232)	(474)
Óinnleystur gengismunur samtals	<u>12.160.291</u>	<u>(9.076.835)</u>
Gengismunur samtals	<u>(5.623.682)</u>	<u>(2.897.677)</u>

	<i>Meðalgengi ársins</i>		<i>Gengi í lok árs</i>		<i>Breyting á árslokagengi</i>
	2025	2024	2025	2024	%
Evra (EUR)	144,7	149,3	147,2	143,9	2,3
Bandaríkjadalur (USD)	128,3	138,0	125,2	138,2	-9,4
Sterlingspund (GBP)	168,9	176,4	169,0	173,3	-2,5
Japanskt jen (JPY)	0,86	0,91	0,8	0,88	-9,0
Dönsk króna (DKK)	19,4	20,0	19,7	19,3	2,1
Norsk króna (NOK)	12,3	12,8	12,4	12,2	1,9
Sænsk króna (SEK)	13,1	13,1	13,6	12,6	8,3
Svissneskur franki (CHF)	154,5	156,7	158,4	152,7	3,7
Kanadadalur (CAD)	91,7	100,8	91,4	96,1	-4,9
Kínverskt júan (CNY)	17,8	19,2	17,9	18,9	-5,4
Sérstök dráttarréttindi (XDR)	173,1	183,2	171,5	180,4	-4,9
Gull (XAU)	439.359	329.764	540.785	362.706	49,1

Heildareignir og skuldir í erlendum gjaldmiðli

	31.12.2025		31.12.2024	
	<i>Eignir</i>	<i>Skuldir</i>	<i>Eignir</i>	<i>Skuldir</i>
Evra (EUR)	620.316.936	315.396.087	529.023.131	282.615.790
Bandaríkjadalur (USD)	289.355.625	31.886.342	307.193.254	33.082.854
Sterlingspund (GBP)	6.549.124	5.501.113	7.350.813	5.787.610
Japanskt jen (JPY)	6.757.681	5.646.334	7.218.961	5.916.882
Aðrir gjaldmiðlar	10.820.150	8.906.349	11.271.537	9.383.378
Gull (XAU)	34.598.200	-	23.135.573	-
Samtals	968.397.716	367.336.224	885.193.268	336.786.513

Nánari sundurliðun á heildareignum og skuldum í erlendum gjaldmiðli má sjá í skýringu 39. Sérstök dráttarréttindi (SDR) er gjaldmiðlakarfa ákvörðuð af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem samanstendur af fimm gjaldmiðlum: bandaríkjadal, evru, kínversku júani, sterlingspundi og japönsku jeni. Eina eign bankans í SDR er staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og eina skuld bankans í SDR er mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Eignir og skuldir bankans í SDR eru umreiknaðar í þá gjaldmiðla sem gjaldmiðlakarfan samanstendur af, miðað við vægi hvers gjaldmiðils í lok árs.

Skýring 9 – Eftirlitstekjur

	2025	2024
Opinbert eftirlit og skilavald	3.392.500	3.183.100
Tekjur samkvæmt gjaldskrá vegna sértækra aðgerða fjármálaeftirlitsins	27.392	41.263
Eftirlitstekjur samtals	3.419.892	3.224.363

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar sem tilgreindir eru í lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald skulu standa straum af kostnaði við rekstur fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands ásamt rekstri skilavalds með sérstöku eftirlitsgjaldi.

Skýring 10 – Þjónustutekjur

	2025	2024
Greiðslumiðlun	881.952	771.212
Markaðsviðskipti	203.081	197.264
Þjónustutekjur samtals	1.085.033	968.476

Skýring 11 – Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Laun	5.286.852	4.833.691
Mótframlag í lífeyrissjóð	754.429	709.040
Önnur launatengd gjöld	435.249	404.538
Laun og launatengd gjöld samtals	6.476.530	5.947.269
Fjöldi ársverka	315	308

Skýring 12 – Annar rekstrarkostnaður

	2025	2024
Rekstur eigna og lausafjármuna	459.352	417.610
Upplýsingatækni	917.942	628.991
Aðkeypt þjónusta	443.403	493.151
Skrifstofukostnaður	487.329	475.906
Starfsmannakostnaður	250.784	216.545
Kostnaður af seðlum og mynt	39.543	212.066
Ýmsir rekstrarliðir	231.983	224.769
Annar rekstrarkostnaður samtals	2.830.336	2.669.038

